


ÍVAR FREYR FINNBOGASON

*Er haldinn útivistar-dellu á háu stigi*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON

*Grínhátíð frestað fram á vor*

Dræm miðasala og afboðanir

FÓLK 26



BJARNI Í MÍNUS

*Allt í plús í Noregi*

Fjölskyldan með einkabryggju í Stafangri

FÓLK 20




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. nóvember 2009 — 266. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Fékk aðstoð góðra vina



Anna Kristine Magnúsdóttir fjölmiðlakona lét parkinsonsveiki ekki aftra sér við skrifin á nýrri bók.

TÍMAMÓT 16



### Barði í bíó

Lög Barða Jóhannssonar eru vinsæl í kvikmyndum.

FÓLK 20

### Einnig þér að kenna

„Hræðslan við að lenda í ónáðinni með fórnarlambinu er ótrúlega rík," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14



### Stoltur yfir tilnefningu

Ragnar Sigurðsson var ekki valinn varnarmaður ársins í Svíþjóð en úrslitin í kosningunni voru kunngjörð í gær.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**Lægir og léttir til** Í dag verða suðvestlægar eða vestlægar áttir, víða 5-10 m/s en lægir heldur er líður á daginn. Horfur eru á skúrum víða um land en léttir til síðdegis, fyrst suðaustanlands.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.




**SIGIÐ Í SÖGUBJÖRG** Rúður þarf að þrífa reglulega jafnvel þótt erfitt sé að komast að þeim líkt og hér á Hótel Sögu í Reykjavík, þar sem gluggaþvottamaður lætur sig síga með húsveggjum til að koma verkinu í kring. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjórnvöld skoða að hækka persónuafslátt

**Meðal hugmynda stjórnvalda um skattaáherslur er að standa við samninga um hækkun persónuafsláttar í samræmi við vísitölu. Þá þyrfti að hækka tekjuskatt sem samsvarar því. Ólíklegt að virðisaukaskattur á bækur og tónlist hækki.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld ræða nú um að hækka persónuafslátt í samræmi við vísitölu neysluverðs, líkt og kveðið er á um í lögum. Hann gæti þó orðið mishár eftir tekjum.

Ekki var gert ráð fyrir hækkun persónuafsláttar í fjárlagafrumvarpinu og olli það andmælum launþegasamtaka, sem sökuðu ríkisstjórnina um að hækka álögur á láglaunafólk. Vildu stjórnvöld standa við sitt ættu þau að hækka persónuafslátt um 6.600 krónur.

Afslátturinn á að hækka um næstu mánaðamót, en Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á Alþingi fyrr í mánuðinum að þetta væri óvíst.

Einnig kemur til greina að lækka skattheimtu af lægstu tekjum í rúm 36 prósent, en almennur tekjuskattur er nú 37,2 prósent. Heimildir blaðsins úr stjórnarráðinu leggja þó áherslu á að ekkert hafi verið ákveðið endanlega um þetta.

Það gerir líka Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Hann bendir á að breytingar á persónuafslætti hafi lítið gildi nema í samhengi við skatthlutfall. Skattleysismörkin séu aðalatriðið.

„Það hefur legið fyrir síðan í sumar að við munum líta til jöfnunarsjónarmiða við þessar skattbreytingar, sem þýðir að aukin skattbyrði verður frekar lögð á þá tekjuhærri en tekjulægri," segir hann.

Greint var frá því í Ríkissjónvarpinu í gær að í hugsanlegu þriggja þrepa skattkerfi yrði lagður 47 prósenta skattur á tekjur yfir hálfri milljón. Annað sem kemur allt eins vel til greina er tveggja þrepa kerfi bæði í virðisauka- og tekjuskatti.

Mjög ólíklegt mun vera að virðisaukaskattur á bækur og tónlist verði hækkaður.

- kóþ

### SÉRKENNILEGT TILBOÐ STÓRIÐJUNNAR

Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, staðfestir að stóriðjufyrirtæki í landinu hafi vakið máls á því að greiða hluta af tekjuskatti sínum fyrir fram, gegn því að fyrirhugaður orkuskattur verði lækkaður eitthvað. Indriði vill þó engar tölur nefna.

„Þetta er sérkennileg aðferð í sjálfu sér. Það að semja við hluta skattgreiðenda um skattgreiðslur hlýtur að vekja spurningar, bara svona í prinsippi," segir hann. Að auki sé orkuskattur fyrst og fremst hugsaður sem auðlindagjald og því annars eðlis en tekjuskatturinn.

Ekkert hafi þó verið afráðið í þessum efnum.

Talsmenn Alcoa og Norðuráls neituðu að ræða þessar tillögur við blaðið í gær og ekki náðist í framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.

Sviptingar hjá Lay Low:

## Gerir milljóna-samning ytra

**FÓLK „Við urðum af nokkrum milljónum, það er ekkert flóknara en það," segir Kári Sturluson, umboðsmaður tónlistarkonunnar Lay Low. Hún hefur rift útgáfusamningi sínum við umboðs- og útgáfufyrirtækið Nettwerk. Í staðinn hefur Lay Low gert höfundarréttarsamning við fyrirtækið Songs Publishing. Upphæð samningsins nemur milljónum.**

**Songs Publishing mun leggja áherslu á að koma tónlist Lay Low í sjónvarpsþætti, auglýsingar og kvikmyndir vestanhafs. „Við erum rosalega ánægð með þetta," segir Kári.**

-fb / sjá síðu 26







## SPURNING DAGSINS



*Ólöf, varstu fljót að finna rétta hillu í lífinu?*

„Já, og gat þá lagt það mál á hilluna!"

Uppáhaldshúsgagn Ólafar Guðrúnar Helgadóttur, kirkjuvarðar og sminku, er útskorin hilla sem hún erfði eftir fóstru föður síns.

Stjórnarmaður í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur segir ASÍ og SA í skrípaleik:

# Skorar á forseta ASÍ að hætta

**FÉLAGSMÁL** „Hér með lýsi ég yfir vantrausti á Gylfa Arnbjörnsson og skora á hann að segja af sér án tafar," segir Ragnar Þór Ingólfsson, stjórnarmaður í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, á bloggi sínu um aðkomu forseta Alþýðusambands Íslands að kjaraviðræðum.

Ragnar telur minnisblað sem birt er á netsíðunni wikileaks.org sýna að ASÍ hafi haft frumkvæði að því í febrúar á þessu ári að umsömdum launahækkunum yrði frestað. Í minnisblaðinu er getið um að Samtök atvinnulífsins hafi óskað eftir því við ASÍ að fyrirtæki fengju möguleika á sveigjanleika við að efna samningana, meðal annars varðandi tímasetningu hækkana. „Þessu svaraði ASÍ með því að setja fram þá hugmynd að öllum launabreytingum 1. mars yrði frestað til 1. júlí," vitnar Ragnar í minnisblað ASÍ.



**RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON** Segir ASÍ hafa haft frumkvæði að frestun launahækkana og krefst tafarlausrar afsagnar forseta sambandsins.

„Þetta staðfestir að hin gríðarlega spenna sem var á milli SA og ASÍ var ekkert nema leikrit þar sem félagarnir Gylfi og Vilhjálmur voru í aðalhlutverkum. Menn stóðu með kaffibolla í hönd og þrömmuðu framhjá upplýstum gluggum, svo sjónvarpsvélarnar myndu örugglega ná að mynda skrípaleikinn," skrifar Ragnar. „Það eitt að ASÍ hafi svo átt frumkvæðið að frestun launahækkana er í sjálfu sér kistulagning Alþýðusambandsins."

Ekki náðist í Gylfa Arnbjörnsson í gærkvöld til að fá viðhorf hans til ásakana Ragnars. - gar

Fjárhagsáætlun Garðabæjar:

## Bæjarbúar fá að segja sitt

**GARÐABÆR** Garðbæingum gefst kostur á að hafa áhrif á gerð fjárhagsáætlunar næsta árs á fundi með bæjaryfirvöldum á morgun.

Ekki hefur fyrr verið boðað til almenns íbúafundar í Garðabæ vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

Að lokinni kynningu á starfsemi og fjárhagsstöðu verður efnt til hópastarfs þar sem bæjarbúar fá tækifæri til að koma sínum tillögum að og að ræða þær hafðar til hliðsjónar. Leitað er eftir tillögum um viðbrögð við fyrirsjáanlegum samdrætti í tekjum og hvar alls ekki megi draga saman.

Fundurinn verður í Flataskóla og stendur frá 17.30 til 19. - bþs

Jón Sigurðsson í BNA:

## Forstjóri Össurar lokaði Nasdaq

**VIÐSKIPTI Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, hringdi bjöllunni sem markar lok viðskiptadagsins á Nasdaq-hlutabréfamarkaðnum við Times Square í New York í Bandaríkjunum í gær.**



JÓN SIGURÐSSON

**Tilefnið er að um miðjan síðasta mánuð var áratugur liðinn frá því að fyrirtækið var skráð á hlutabréfamarkað hér. Þá voru bréf fyrirtækisins sömuleiðis tekin til viðskipta í kauphöllinni í Kaupmannahöfn í september.**

**Með Jóni var Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar hér. Þetta er í annað skiptið sem Þórður lokar viðskiptadeginum en hann var þar með Kára Stefánssyni, forstjóra DeCode, þegar Kári hringdi Nasdaqbjöllunni í júlí fyrir fjórum árum.** - jab

# Leita fjárfesta vegna heilsuþorps á Flúðum

**Fyrirtæki sem hyggur á byggingu 200 íbúða heilsuþorps hefur kynnt verkefnið fyrir fjárfestum víða um heim. Allir eru á varðbergi gagnvart Íslandi. Kostnaðaráætlun nemur 5,5 milljörðum króna. Forseti Íslands hefur lagt verkefninu lið.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðstandendur fyrirhugaðs heilsuþorps á Flúðum halda áformum sínum ótrauðir áfram þótt dágóð leit að fjárfestum hafi enn ekki borið árangur.

Tæpt ár er síðan skrifað var undir viljayfirlýsingu milli Heilsuþorpa ehf. og Hrunamannahrepps um uppbyggingu 200 íbúða heilsuþorps með hvíldar- og endurhæfingaraðstöðu í Laxárhlíð við Flúðir. Skipulagsvinnu í Hrunamannahreppi er lokið og verið er að teikna íbúðahús og þjónustubyggingu. Ætlað er að allt að 140 störf kunni að skapast á byggingatíma en á annað hundrað beinna starfa þegar starfsemin er komin í gang auk 400 afleiddra starfa. Kostnaðurinn er talinn nema 5,5 milljörðum króna.



ÁRNI GUNNARSSON



**FRÁ FLÚÐUM** Finnist fjárfestar og gangi allt eftir mun á annað hundrað starfa verða til í tengslum við heilsuþorpið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árni Gunnarsson, einn aðstandenda Heilsuþorpa, segir fyrirtækið hafa kynnt verkefnið fyrir nokkrum erlendum fjárfestum en allir hafi þeir varann á gagnvart Íslandi og enginn hafi enn lýst sig reiðubúinn til að koma með fjármagn inn í landið. Fjárfestar austan hafs og vestan séu þó að fara yfir viðskiptaáætlunina og skoða málið. Þá sé von á kínverskum fjárfesti í heimsókn.

Að auki hefur verkefnið verið kynnt íslenskum lífeyrissjóðum og verkalýðsfélögum sem einnig hafi það til athugunar.

Árni kveðst jafnframt hafa rætt við alla íslensku bankana en án árangurs. „Þar er allt lokað, jafnvel þó svo að bankarnir séu að þenjast út af peningum," segir hann. Efndir fylgi ekki orðum um nýsköpun. „Það er mikið talað um að það eigi að aðstoða sprotafyrirtæki en við verðum ekki varir við aðgang að fjármagni," segir Árni.

> Það er mikið talað um að það eigi að aðstoða sprotafyrirtæki en við verðum ekki varir við aðgang að fjármagni.
>
> ÁRNI GUNNARSSON HEILSUÞORPUM EHF.

Nýverið fundaði hann með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta. „Hann hefur reynst okkur mjög vel og gert það sem hann hefur getað. Hann og hans kona þekkja margt fólk og kannski kemur eitthvað út úr því. Ég hef sagt honum að ekkert sé að óttast því þetta er ekki útrásarverkefni heldur innrásarverkefni," segir Árni.

Heilsuþorp er sjö ára fyrirtæki sem upphaflega hugðist reisa heilsuþorp á Spáni í samvinnu við þarlenda fjárfesta. Þeir urðu illilega fyrir barðinu á kreppunni og verkefninu var því sjálfhætt. Í framhaldinu var kosta á Íslandi leitað og urðu Flúðir fyrir valinu. „Það var langsamlega besti kosturinn," segir Árni. „Þar eru golfvellir, flugvöllur, gróðurhús, hestaleigur, gnótt af heitu og köldu vatni og afar jákvæð sveitarstjórn. Við höldum þessu ótrauð áfram enda verkefnið komið á talsverðan skrið." bjorn@frettabladid.is

Fer til starfa hjá OECD:

## Stjórnarformaður FME hættir störfum

**FÓLK** Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, mun láta af því starfi á næstunni. Hann hefur verið ráðinn í starf hagfræðings hjá sjávarútvegsdeild Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu í París frá áramótum.



GUNNAR HARALDSSON

Gunnar, sem jafnframt er forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Hann sagðist ekki enn hafa sagt stjórnarformannsembættinu lausu en myndu gera það á næstunni. Þá skýrðist fljótlega hver tæki við starfi hans hjá Hagfræðistofnun.

Gunnar er doktor í hagfræði frá háskólanum í Toulouse í Frakklandi. Hann hefur sérhæft sig í rannsóknum á sviði fiskihagfræði. - pg

Hraukbær í Eyjafirði:

## Svín sýktust af svínaflensunni

**HEILBRIGÐISMÁL Tilraunastöðin á Keldum hefur staðfest að sýking í svínum á svínabúinu á Hraukbæ í Eyjafirði sé af völdum svínaflensuveirunnar.**

**Tekin voru tíu sýni og reyndust þau öll jákvæð. Um leið og grunur vaknaði voru settar takmarkanir á flutning lífdýra frá búinu og allar smitvarnir hertar.**

**Engin tengsl eru talin vera milli þessa tilfellis og fyrsta tilfellis svínainflúensu í svínum á Minni-Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd. Aðrir svínabændur eru beðnir að vera vel vakandi fyrir einkennum svínaflensu á sínum búum.** - jss

## HAGTÖLUR

**Flestar kýr á Suðurlandi**

Mjólkurkýr eru flestar á Suðurlandi en þar eru 37 prósent allra íslenskra mjólkurkúa. Sauðfé er hins vegar flest á Norðurlandi. Þar eru 22 prósent alls íslensks sauðfjár. Þessar upplýsingar koma fram í Landshögum 2009, riti Hagstofu Íslands.

**Kvæntir karlar tekjuhærri**

Meðaltekjur kvæntra karla árið 2008 voru 6,9 milljónir króna. Þeir voru með 2,6 milljónum króna hærri tekjur en kvæntar konur en meðaltekjur þeirra voru 4,3 milljónir. Þetta kemur fram í Landshögum, riti Hagstofu Íslands.




Fyrrverandi og núverandi þjóðarleiðtogar minntust falls Berlínarmúrsins:

# Merkel þakkar Gorbatsjov

**ÞÝSKALAND, AP** Mikhaíl Gorbatsjov var hetja dagsins þegar hann kom til Berlínar í gær þar sem heimamenn fögnuðu því að tuttugu ár væru liðin frá falli Berlínarmúrsins.

Angela Merkel Þýskalandskanslari þakkaði Gorbatsjov sérstaklega fyrir hans hlut í atburðarásinni.

„Þú gerðir þetta mögulegt. Af hugrekki þínu léstu hlutina gerast, og það er miklu meira en við gátum væntst," sagði hún við Gorbatsjov þar sem þau stóðu á götunni Bornholmerstrasse ásamt Lech Walesa, fyrrverandi Póllandsforseta, sem einnig átti með réttindabaráttu sinni stóran þátt í að flýta fyrir hruni alræðisstjórna í austantjaldsríkjunum.

Það var einmitt á Bornholmerstrasse þar sem mannfjöldanum var fyrst hleypt í gegn að kvöldi 9. nóvember árið 1989.

Merkel sjálf ólst upp í Austur-Þýskalandi og var ein þeirra sem fóru yfir múrinn þetta kvöld. Hún tók síðar í gær á móti leiðtogum allra aðildarríkja Evrópusambandsins, ásamt Dmitrí Medvedev Rússlandsforseta.

Efnt var til tónleika og minningarathafna í Berlín í gær. Meðal annars var þeirra 136 manna minnst sem létu lífið við að reyna að flýja yfir landamærin til Vestur-Þýskalands. - gb



**OPNUNAR MÚRSINS MINNST** Mikhaíl Gorbatsjov, Angela Merkel og Lech Walesa á Bornholmerstrasse, þar sem fyrsta landamærahliðið var „óvart" opnað fyrir tuttugu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bíttu í rófuna

**Ef bitinn er þungur er rófan góð**



Geymist fersk í allt að þrjá mánuði
í kæli við rétt skilyrði

Er bragðbest þegar hún virkar
of þung fyrir sína stærð

Kaloríulítil og góð
uppspretta trefja

Inniheldur mikið
af C-vítamíni

Inniheldur enga fitu

Er nær hvergi jafnvinsæl með
mat eða sem snarl og á Íslandi

Verður fersk á ný ef hún er látin
liggja í ísvatni í nokkrar mínútur

Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku
í Evrópu á árum áður því grasker voru ekki fáanleg

ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR

íslenskt
grænmeti

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 44761 07/09

## GENGIÐ 09.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,43 | 124,01 |
| Sterlingspund | 207,63 | 208,63 |
| Evra | 185,01 | 186,05 |
| Dönsk króna | 24,857 | 25,003 |
| Norsk króna | 21,988 | 22,118 |
| Sænsk króna | 17,972 | 18,078 |
| Japanskt jen | 1,3721 | 1,3801 |
| SDR | 197,79 | 198,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

238,2186

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný könnun Capacent Gallup á dagblaðalestri þjóðarinnar:

# Fréttablaðið eykur enn forskotið

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er nú lesið af tæpum sextíu prósentum landsmanna samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið er sem fyrr mun meira lesið en Morgunblaðið og eykst bilið milli blaðanna frá því að síðasta könnun var gerð.

Samkvæmt könnuninni nú, sem gerð var um land allt frá 9. ágúst til 9. október, var Fréttablaðið lesið að meðaltali af 59,8 prósentum landsmanna. Það er ívið minna en þegar könnun var gerð í sumar en þá las 61,1 prósent hvert tölublað Fréttablaðsins að meðaltali.

Á sama tíma í fyrra lásu um 64 prósent landsmanna blaðið. Frá því könnunin var gerð í fyrra hefur upplag Fréttablaðsins verið minnkað um tuttugu þúsund eintök vegna sparnaðaraðgerða. Einnig var dregið úr dreifingu á landsbyggðinni.

Um 37 prósent landsmanna lásu Morgunblaðið að meðaltali samkvæmt könnuninni nú. Í síðustu könnun lásu rúm 39 prósent blaðið en á sama tíma í fyrra lásu rúm fjörutíu prósent blaðið.

Á þeim svæðum þar sem dreifing Fréttablaðsins hélst óbreytt, þar með talið á höfuðborgarsvæðinu, jókst lestur blaðsins.




Samkvæmt könnuninni var meðaltalslestur Fréttablaðsins á höfuðborgarsvæðinu um 72,6 prósent, miðað við 71,5 prósent á sama tíma í fyrra.

Morgunblaðið mældist hins vegar með 40,2 prósenta lestur að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu nú, miðað við 43,1 prósents lestur á sama tíma í fyrra.

Fréttablaðið er því með 81 prósenti meiri lestur en Morgunblaðið meðal höfuðborgarbúa. Í aldurshópnum 12-34 ára er Fréttablaðið með 141 prósenti meiri lestur á höfuðborgarsvæðinu og í aldurshópnum 18-49 ára er blaðið með 143 prósentum meiri lestur.

# Gloppótt frásögn af árásinni

**Bjarki Freyr Sigurgeirsson hefur játað að hafa barið Braga Friðþjófsson í hel í í Hafnarfirði 17. ágúst síðastliðinn. Árásin var gerð í ölæði og undir áhrifum sjóveikitaflna. Bjarki man óljóst eftir atburðum. Sérfræðingur lögreglu í blóðferlarannsóknum rannsakaði meðal annars vöfflujárn sem var notað við verknaðinn.**

**DÓMSMÁL** Saksóknari krefst hámarksrefsingar, sextán ára fangelsis, yfir Bjarka Frey Sigurgeirssyni fyrir að hafa orðið Braga Friðþjófssyni að bana á íverustað þess fyrrnefnda í leiguhúsnæði við Dalshraun í Hafnarfirði 17. ágúst síðastliðinn. Bjarki Freyr er 31 árs gamall, en Bragi varð 31 árs daginn sem hann lést.

Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins á hendur Bjarka fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í Hafnarfirði í gær. Fram kom að bæði árásarmaður og fórnarlamb hans hefðu verið þekktir af fíkniefnaneyslu, en morðið átti sér stað eftir mikla drykkju og notkun sjóveikitaflna, sem hafa sljóvgandi áhrif. Árás Bjarka á Braga var hrottaleg, en hann var barinn ítrekað í höfuðið með tveggja kílóa vöfflujárni og svo ellefu kílóa þungu borði. Áverkarnir af völdum barsmíðanna drógu Braga til dauða.

Herbergið þar sem árásin átti sér stað var útatað blóði og auðséð að þar höfðu mikil átök átt sér stað.

Vitni í nærliggjandi herbergjum húsnæðisins, sem var með sameiginlegu baði og eldhúsi en sérherbergjum fyrir leigjendur, heyrðu þunga dynki um það leyti sem árásin er talin hafa átt sér stað, milli klukkan ellefu og hálftólf um kvöld.

Fyrir dómi bar Bjarki að sér hefði staðið ógn af Braga, en kvað ætlunina þó ekki hafa verið að drepa hann. „Nei, ekki beint," sagði hann fyrir dómi í gær. „Ég ætlaði bara að bjarga eigin skinni. Það var ætlunin. Og miðað við lætin sem búin voru að vera í þessum stigagangi þá stóð manni ekki alveg á sama." Hann segist hafa ráðist á hann eftir að Bragi hafi gripið í sig og bitið í fingur. Hann segir þá hafa verið gestkomandi hjá öðrum íbúa hússins en gengið til herbergis Bjarka og árásin átt sér stað um leið og þangað var komið. Síðan hafi Bjarki mætt lögreglunni á leið út úr húsinu.



BJARKI FREYR SIGURGEIRSSON

Frásögn Bjarka stenst hins vegar ekki þar sem vitni sá hann og Braga fara inn í herbergið um þremur og hálfum tíma áður en árásin átti sér stað. „Hvað síðan gerist í herberginu er alls óljóst," sagði Sigríður J. Friðjónsdóttir vararíkissaksóknari sem sótti málið. Bjarki neitar því að hafa beitt vöfflujárninu við árásina, en sérfræðingur í blóðferlarannsóknum frá rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kvað annað útilokað. Járnið hefði verið útatað blóði og dreifingin slík að ljóst væri að því hefði verið sveiflað til. Sérfræðingurinn leitaði álits bresks sérfræðings um málið og var sá sammála.

Guðrún Sesselja Arnardóttir, lögmaður Bjarka Freys, krafðist lágmarksrefsingar og sagði að virða ætti honum til refsilækkunar að hafa enga tilraun gert til að dylja glæp sinn. Raunar hefði hann sjálfur gert viðvart hjá nágranna um að hlutir hefðu farið úr böndum og játað brot sitt skýlaust, þótt hann væri ekki með allar aðstæður á hreinu sökum minnisleysis. „Ákærði lýsir bara því sem hann man, en er ekkert að reyna að fegra sinn hlut," sagði hún við málflutninginn í gær.

olikr@frettabladid.is



**VIÐ DALSHRAUN Í HAFNARFIRÐI** Aðkoma á vettvangi í leiguhúsnæði við Dalshraun þar sem Bjarki Freyr Sigurgeirsson varð Braga Friðþjófssyni að bana 17. ágúst síðastliðinn var sögð hroðaleg. Sérfræðingur á sviði blóðferlarannsókna vitnaði fyrir rétti í gær um hvernig líklegast hefði verið staðið að árásinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MIKIÐ SKEMMDUR AF NEYSLU

Sigurður Páll Pálsson geðlæknir kom fyrir Héraðsdóm Reykjaness í gær og bar að Bjarki Freyr Sigurgeirsson væri sakhæfur og gerði greinarmun á réttu og röngu. Hann sagði þó ljóst að Bjarki væri töluvert skemmdur eftir áralanga misnotkun áfengis og hvers konar fíkniefna.

Sjálfur sagðist Bjarki hafa byrjað að nota áfengi fljótlega eftir fermingu, en neyslan hefði orðið vandamál á bílprófsaldrinum. Hann hefur ekki lokið grunnskólagöngu.

Bjarki var mældur með greindarvísitöluna 70 árið 2006, á mörkum þess að teljast þroskaheftur. Eftir glæpinn í ágúst beið Sigurður Páll í lengstu lög með að framkvæma greindarmælingu til að sem lengst væri liðið frá neyslu.

Bjarki reyndist nú með greindarvísitöluna 83, sem læknirinn sagði vel undir meðalgreind. Bjarki mun þó hafa nokkuð góða möguleika á að efla getu sína enn frekar haldi hann sig frá neyslu, en hann hafi grunnpersónuleika rólyndismanns, að mati læknisins.

Miðað við áfengis- og lyfjaneyslu daginn og kvöldið sem árásin í Dalshrauni átti sér stað segir Sigurður Páll að svokallað óminnisástand eða „black-out" hafi getað hrjáð Bjarka.



**SVISSNESKAR MOSKUR OPNAR Í EINN DAG** Svissneski Þjóðarflokkurinn telur bænaturna á moskum tákn um pólitískt vald múslima.

Svissneskir múslimar:

## Opnuðu aðgang að moskum

**SVISS Svissneskir múslimar veittu þeim samborgurum sínum sem ekki eru íslamstrúar aðgang að moskum sínum á laugardag. Með því vonast þeir til að auka skilning landsmanna á trúarbrögðum sínum en eftir þrjár vikur verður gengið til atkvæðagreiðslu um hvort banna skuli smíði bænaturna þeirra í landinu.**

**Skoðanakannanir benda til að banni við turnunum verði hafnað en það er Svissneski Þjóðarflokkurinn sem stendur að atkvæðagreiðslunni. Um 400.000 múslimar búa í Sviss. Samkvæmt talsmanni múslima í landinu var heimboðinu vel tekið og voru moskurnar vel sóttar.** - jma

### SKÁK

**Kramnik í efsta sæti**

Rússinn Vladimír Kramnik er efstur með þrjá vinninga að loknum fjórum umferðum á minningarmóti um Mikhaíl Tal sem fram fer í Moskvu. Heimsmeistarinn Viswanathan Anand frá Indlandi og Armeninn Aronian eru næstir á þessu sterkasta móti ársins.

### FERÐAMÁL

**Nýr formaður**

Unnur Halldórsdóttir hefur verið kjörin nýr formaður Ferðamálasamtaka Íslands. Hún tekur við af Pétri Rafnssyni, sem gegnt hafði formennsku í tólf ár. Unnur var um árabil formaður Heimilis og skóla.




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veður-fréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Í dag lægir og léttir heldur til er líður á daginn og í kvöld verður komið hægviðri víðast hvar. Á morgun hvessir svo á nýjan leik er líður á daginn og á fimmtudaginn má búast við strekkingi og töluverðri rigningu sunnan- og suðaustanlands.



**Á MORGUN**
Vaxandi austlægar áttir.

**FIMMTUDAGUR**
Strekkingur sunnanlands, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 8° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 23° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 3° |
| París | 10° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3 x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

---




### UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




### JVC DynaPiX

**JVC LT32DY8**
32" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix, HD Ready, 1.200:1 skerpu, 8ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS, VGA, heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990




### UNITED

**United LTV9742**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




### TOSHIBA

**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 100Hz, 24 FPS, uppskölun, 50.000:1 dýnamískri skerpu, Game Mode, baklýsingu DVB-T stafr. móttakara, USB 2.0, 4x HDMI, VGA ofl.

**VERÐ 229.990**
FRÁBÆRT VERÐ

---




### PHILIPS

**Philips 42PFL5624H**
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




### Panasonic

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu, 3D Colour Management, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




### PHILIPS

**Philips 47PFL5604H**
47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 329.990**
FULLT VERÐ kr. 379.990




### Panasonic

**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T mótt., kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

---

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

**KJÖRKASSINN**



*Munu Nylon-stúlkur slá í gegn í Hollywood?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,3 |
| Nei | 77,3 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ættu stjórnvöld að endurskoða stefnu sína gagnvart hælisleitendum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Leyniskyttan sem myrti tíu manns í Washington og nágrenni fyrir sjö árum:

# Verður tekinn af lífi í dag

**BANDARÍKIN, AP** Stjórnvöld í Virginíu undirbúa nú aftöku Johns Allens Muhammad, leyniskyttunnar sem skaut Bandaríkjamönnum heldur betur skelk í bringu fyrir sjö árum þegar hann fór um nágrannabyggðir Washington-borgar og myrti fólk úr launsátri dag eftir dag svo vikum skipti.

„Ég held að allir hafi verið hræddir um öryggi sitt,“ segir Bernice Easter, 82 ára fyrrverandi kennslukona sem býr í bænum Wheaton í Maryland, þar sem Muhammad lét fyrst til skarar skríða. „Ég þorði ekki að fara út í garð.“

Muhammad var dæmdur fyrir að hafa myrt tíu manns í október árið 2002, ásamt félaga sínum Lee Boyd Malvo, sem var þá aðeins sautján ára. Þeir óku um á bláum Chevrolet Caprice, sem Muhammad hafði útbúið þannig að hann gat skriðið aftur í skottið og skotið út um gat þaðan.

Morðin voru framin á þriggja vikna tímabili í október árið 2002.

Svo virðist sem Muhammad hafi ætlað sér að ljúka morðunum með því að myrða fyrrverandi eiginkonu sína, Mildred Muhammad, í þeirri von að geta síðan fengið forræði þriggja barna þeirra.

Í september síðastliðnum ákvað dómari í Virginíu að aftakan færi fram í dag. Malvo hlaut lífstíðar fangelsisdóm fyrir sinn hlut að morðunum. - gb



**DAUÐADÓMUR KVEÐINN UPP** John Allen Muhammad stóð svipbrigðalaus þegar dómari las úrskurð sinn um dauðadóm í mars árið 2004. NORDICPHOTOS/AFP

Hæstiréttur úrskurðar:

# Meintur smyglari áfram í haldi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur Íslands hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir Gunnari Viðari Árnasyni sem er í haldi lögreglu, grunaður um að hafa smyglað rúmum sex kílóum af amfetamíni frá Hollandi til Íslands.**

**Mál hans hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjaness. Gunnar hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan í maí en í rökstuðningi er tekið fram að vegna almannahagsmuna og alvarleika sakarefnisins sé nauðsynlegt að Gunnar sitji áfram í gæsluvarðhaldi þar til dómur gangi í máli hans.**

**Hann skal sæta varðhaldi til 27. nóvember.**






# Markaðsfrelsi nýtur takmarkaðs trausts

**Einungis ellefu prósent telja frjálsa markaðskerfið virka sem skyldi, samkvæmt skoðanakönnun BBC í 27 löndum. Víðast hvar vill meirihluti fólks meiri ríkisafskipti. Utan Vesturlanda er fjöldi fólks enn ósáttur við hrun Sovétríkjanna.**

**BRETLAND** Víðast hvar í heiminum er fólk ósátt við hið frjálsa markaðskerfi kapítalismans. Þetta sést af stórri skoðanakönnun sem breska ríkisútvarpið BBC lét gera í 27 löndum í öllum heimsálfum.

Skoðanakönnunin náði til 29 þúsund manns. Einungis ellefu prósent alls þessa fjölda telja frjálsa markaðskerfið virka sem skyldi. Einungis í Bandaríkjunum og Pakistan telur meira en fimmtungur aðspurðra að kapítalisminn sé á réttu róli.

Um 23 prósent telja frjálsa markaðinn svo meingallaðan að betra væri að skipta um kerfi. Flestir eru þessarar skoðunar í Frakklandi, eða 43 prósent,

Víðast hvar vill meirihlutinn að umbætur séu gerðar á markaðskerfinu og að ríkisvaldið sitji markaðsviðskiptum strangari reglur. Einungis í Tyrklandi vill meirihluti aðspurðra draga úr afskiptum ríkisins.

Þá er meirihluti fólks í 22 af þessum 27 löndum eindregið fylgjandi því að ríkisvaldið stuðli að jafnari dreifingu auðs.

Tilefni þess að BBC réðst í að gera þessa skoðanakönnun, er að nú eru tuttugu ár liðin frá því að Berlínarmúrinn féll. Þá þótti mörgum sem hinn vestræni kapítalismi hefði endanlega sigrast á kommúnisma austantjaldsríkjanna.

Könnunin er hins vegar gerð beint í kjölfarið á djúpri efnahagskreppu sem heimurinn er rétt að byrja að skríða upp úr. Niðurstöðurnar endurspegla það væntanlega. Álit fólks á markaðsbúskap hefur greinilega beðið mikinn hnekki undanfarið ár.

Einnig var spurt um afstöðu fólks til hruns Sovétríkjanna, sem varð árið 1991, tæpum tveimur árum eftir fall Berlínarmúrsins.

Athygli vekur að víða utan Vesturlanda virðist fólk sakna Sovétríkjanna. Í Egyptalandi telja einungis tuttugu prósent fall Sovétríkjanna hafa verið af hinu góða en nærri sjö af hverjum tíu segja það af hinu slæma. Á Indlandi, í Indónesíu og Kenía eru skoðanir á hruni Sovétríkjanna afar skiptar.

Á Vesturlöndum telur yfirgnæfandi meirihluti hrun Sovétríkjanna hins vegar vera af hinu góða, en í Rússlandi og Úkraínu er fólk enn afar ósátt við hrunið.

gudsteinn@frettabladid.is

**Markaðsfrelsi**






**VIÐSKIPTI Í KAUPHÖLL** Víðast hvar vill almenningur strangari afskipti ríkisvaldsins af markaðsviðskiptum. NORDICPHOTOS/AFP


## Mikilvægar öryggisupplýsingar varðandi tilteknar gerðir kæli-/frystiskápa

Til að tryggja notendum Gorenje-heimilistækja hámarksöryggi býður Gorenje þeim sem keypt hafa **kæli-/frystiskápa** af gerð

- RKI-ORA-S
- RKI-ORA-S-L
- RK-ORA-S
- RK-ORA-S-L
- RKI-ORA-E
- RKI-ORA-E-L
- RK-ORA-E
- RK-ORA-E-L

á Íslandi að senda tölvupóst á netfangið heim@ronning.is eða að hafa samband við Rönning í síma 562 4011 milli klukkan 9.00 og 18.00 alla virka daga. Fyrirtækið mun senda tæknimann, viðskiptavinum þess að kostnaðarlausu, til að kanna ástand viðkomandi vöru. Við tilteknar kringumstæður er möguleiki að galli komi upp í einingu vörunnar og valdi hættulegri bilun í henni.

Gerðir þar sem kanna þarf ástand vörunnar eru með raðnúmer frá **70000000 til 75200000**.

Upplýsingar um gerð og raðnúmer kæli-/frystiskápa eru prentaðar á merkiplötu innan í sjálfum kæliskápnum (á vinstri hliðinni) framan við grænmetisskúffuna. Á myndinni hér að neðan má sjá merkiplötu með raðnúmeri (afrit af öllum viðeigandi merkiplötum er að finna á næstu síðu). Upplýsingar um raðnúmer og gerð vörunnar er einnig að finna í ábyrgðarskírteininu sem fylgdi með vörunni.




AN EXAMPLE OF A RATING PLATE

Þrátt fyrir líkur á bilun séu minniháttar og hverfandi hefur Gorenje ákveðið að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og tryggja öryggi eigenda ofangreindra kæli-/frystiskápa með því kynna þeim hugsanlega hættu.

Engin hætta er á að bilun nema í þeim kæli-/frystiskápum sem passa við eftirfarandi módel og raðnúmer.

We apologize to the users for eventual inconveniences and thank you for your understanding.


Bíræfinn sendibílaþjófnaður af Grandagarði fyrir helgi óupplýstur:

# Hvarf með stýrishúsi af trillu

**LÖGREGLUMÁL** „Það eru allir jafn hissa á þessu, bæði lögreglan og tryggingarnar,“ segir Auðunn Þorgeirsson, eigandi rauðs pallbíls sem stolið var af Grandagarði á föstudagsmorguninn var.

Auðunn hafði komið fyrir stýrishúsi af trillu og tveimur fiskikörum á gamla pallbílnum sinn þegar bílnum var stolið fyrir framan nefið á honum. „Ég þurfti að skjótast inn í gám til að ná í málningarfötu. Þegar ég kom út úr honum aftur sá ég bara bílinn hverfa út af svæðinu og burt. Þetta var alveg stórfurðulegt,“ segir Auðunn en klukkan var korter yfir níu þegar þetta gerðist.

Verst segir Auðunn vera að á pallbílnum hafi verið stýrishús úr áli sem sé af trillu sem hálfáttræður maður hafi verið búinn að biðja hann að flytja í viðgerð suður í Hafnarfjörð. „Þetta er tilfinnanlegast fyrir gamla manninn því trillan er hans líf og yndi,“ segir Auðunn, sem kveðst vonast eftir því að almenningur geti aðstoðað við að hafa upp á bílnum – og stýrishúsinu. - gar



**HORFINN** Rauði Mazda 2200 pallbíllinn sem stolið var ber einkennisstafina II 237. Hér er bílinn með árabát á pallinum.







Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

H E I L S U R Ú M

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver var efstur í prófkjöri sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi á laugardag?*

**2** *Hve marga veiðidaga hefur Reykjavíkurborg til ráðstöfunar í Elliðaánum ár hvert?*

**3** *Hver syngur lag Bubba Morthens og Óskars Páls Sveinssonar í Evróvisjón?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

140 milljarða króna „týnd“ krafa á Glitni kann að eiga sér eðlilegar skýringar:

# Bretar sagðir skálda fréttir

**VIÐSKIPTI** „Þótt upphæð skuldabréfsins sé vissulega há þá er ekki víst að misræmið sé óeðlilegt. Krafan gæti legið undir öðrum liðum í bókhaldi bankans. Við höfum því fengið endurskoðendafyrirtækið Deloitte til að rannsaka málið,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Á fundi kröfuhafa í síðustu viku kom upp að skuldabréfakrafa upp á um 140 milljarða króna, sem skilað var í búið, hefði ekki verið bókfærð.

Glitnir gaf skuldabréfaflokkinn út á fyrri hluta síðasta árs. Hvorki er vitað hvað varð um skuldabréfaflokkinn né hver eigi hann í dag.



**ÁRNI TÓMASSON** Hann segir ekki víst að misræmið sé óeðlilegt þótt upphæð skuldabréfsins sé há.

Skuldir Glitnis nema 2.500 milljörðum króna og jafngildir krafan því að fimm prósent bætist við núverandi upphæð.

Breska dagblaðið Telegraph sagði í gær kröfuna hafa komið frá Royal Bank of Scotland og þefi rannsóknarfyrirtækið Kroll uppi slóð skuldabréfanna.

Árni segir þetta alrangt og jaðra við skáldskap. Krafan hafi komið inn á borð skilanefndar frá erlendum aðila sem haldi utan um rafræna skráningu skuldabréfa. Krafan hafi ekki passað við skuldalista Glitnis og því ákveðið að kanna málið. Nokkrar ástæður kunni að vera fyrir misræminu. Þar sem skuldabréfaflokkurinn hafi ekki selst kunni upphæðin að liggja undir öðrum lið í bókhaldi Glitnis. Málið er í skoðun og niðurstöðu að vænta fyrir vikulokin, að sögn Árna. **- jab**

Engin útboð í vegagerð:

# Ógnvekjandi mynd af ástandi

**VEGAGERÐ Ekkert útboð er auglýst í nýjustu Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar og engin útboð eru fyrirhuguð á næstunni. Samtök iðnaðarins vekja athygli á þessu í frétt á heimasíðu sinni og segja þessa staðreynd gefa ógnvekjandi mynd af ástandi á verktakamarkaði.**

**Þar segir að vegagerð hafi verið skorin niður um 7,5 milljarða á árinu og engu fjármagni verði varið til nýrra verkefna á næsta ári fyrir utan þau sem þegar eru komin af stað. Vitnað er til þess að 2.200 manns í mannvirkjageiranum séu án atvinnu og þeim hljóti að fjölga hratt þar sem ekkert sé fram undan. - bþs**

Rødovre í Kaupmannahöfn:

# Hætta að nota Microsoft-búnað

**UPPLÝSINGATÆKNI** **Sveitarfélagið Rødovre, eitt úthverfa Kaupmannahafnar í Danmörku, er það fyrsta í landinu til að afleggja notkun á hugbúnaði Microsoft. Í staðinn er notast við opinn hugbúnað, en hann er ókeypis.**

**Haft er eftir upplýsingatæknistjóra Rødovre í vefútgáfu Berlingske Tidende að með þessu sparist ekki bara mikil leyfisútgjöld, heldur fáist betri búnaður.**

**Ákvörðuninni hafi hins vegar verið haldið leyndri af ótta við viðbrögð hugbúnaðarrisans.**

**Skorið var á tengslin við Microsoft í gær.**

**Verið er að setja upp ókeypis skrifstofuhugbúnað á tölvum um 700 starfsmanna sveitarfélagsins. - óká**

Menntamálaráðherra segir KSÍ eiga að vera til fyrirmyndar og vill skýringar:

# Hvernig fóru átta milljónir af korti KSÍ á nektarstað í Sviss?

**STJÓRNMÁL** „Við viljum fá skýringar á því hvernig það atvikaðist að átta milljónir króna voru dregnar af greiðslukorti Knattspyrnusambandsins á nektardansstað í Sviss,“ segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra.

Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ) og Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ) var í gær sent bréf frá menntamálaráðuneytinu vegna máls fjármálastjóra KSÍ sem fyrir fimm árum heimsótti nektardansstað í Zürich og fékk greiðslukortareikning upp á margar milljónir króna á sitt eigið greiðslukort og kort KSÍ. Fjármálastjórinn höfðaði mál ytra vegna þessarar uppákomu og fékk nokkurn hluta fjárins endurgreiddan en sat þó engu síður uppi með milljóna reikning.

Ef marka má Geir Þorsteinsson, formann KSÍ, var fjármálastjórinn fórnarlamb svikahrappa. Menntamálaráðherra segist sem yfirmaður íþróttamála í landinu vilja nánari skýringar.

„Við óskum eftir skýringum í ljósi þess að þetta eru samtök sem við erum að styrkja með opinberu fé og hafa mikið uppeldisog fyrirmyndargildi,“ segir Katrín, sem telur málið ekki koma vel út fyrir KSÍ. „Það er ákveðinn munur á því sem fólk gerir sem prívatpersónur eða á vegum samtaka sem eru í æskulýðsstarfi og snerta þannig mörg heimili og fjölskyldur. Það hlýtur að vera kappsmál KSÍ að starf þess sé allt til fyrirmyndar.“

Geir Þorsteinsson sagði í Kastljósi í gær að málið hefði skaðað KSÍ og að stjórn sambandsins myndi ræða það að nýju á næsta stjórnarfundi. **- gar**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Munur er á því sem fólk gerir sem prívatpersónur eða á vegum samtaka í æskulýðsstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landshagir 2009:

# Ungbarnadauði fátíður á Íslandi

**HEILBRIGÐISMÁL** Ungbarnadauði var hvergi í heiminum fátíðari en á Íslandi árið 2007.

Í Landshögum 2009, hagtöluárbók Hagstofu Íslands, kemur fram að af hverjum þúsund börnum sem fæddust árið 2007 létust 1,5.

Í Evrópu var ungbarnadauði algengastur í Tyrklandi. Af hverjum þúsund börnum sem fæddust þar létust 16,7.

Af Evrópulöndunum voru fæddir umfram dána næstflestir á Íslandi árið 2007 eða 0,84 prósent. Þetta hlutfall var hæst á Írlandi eða 0,98 prósent.

Landshagir 2009, sem komu út í gær, er lykilrit um opinbera hagskýrslugerð á Íslandi. Þar er að finna yfirlit tölulegra upplýsinga um flesta þætti efnahags- og félagsmála. **- th**





**Mikilvægt er að atvinnulífið fari á fulla ferð aftur. Fyrirtæki þurfa nýtt eigið fé en hvaðan á það að koma? Mikið hefur verið horft til lífeyrissjóða og erlendra fjárfesta í þessu tilliti. Eru spennandi tækifæri á Íslandi og er umhverfið álitlegt?**

**13:00 Setning**
*Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður Capacent Glacier*

**Aðkoma lífeyrissjóða í fjárfestingum í íslensku atvinnulífi**
*Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða*

**Magma - Investing in Iceland after the crash**
*Ross Beaty, forstjóri Magma*

**The Recovery of the Icelandic Economy - How?**
*Mats Josefson, Advisor to the Icelandic government*

**Foreign investments in the past and present**
*Magnús Bjarnason, forstjóri Capacent Glacier*

**Pallborðsumræður**
*Tómas Már Sigurðsson, formaður Viðskiptaráðs*
*Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins*
*Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda*
*Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis*
*Magnús Bjarnason, forstjóri Capacent Glacier*

**16:30 Ráðstefnulok**
Fundarstjóri: María Ellingsen
Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 11. nóvember
Verð 4.500 kr. **Skráning á www.capacent.is**


Jón Diðrik

Hrafn

Ross

Mats

Lilja

Magnús

Bjarni

Eggert

Tómas Már

María



***Á ráðstefnunni verður dreift nýrri skýrslu um erlendar fjárfestingar. Þar er rakin saga erlendra fjárfestinga á Íslandi og farið yfir stöðu mála í dag. Í skýrslunni eru einnig birtar niðurstöður nýrrar könnunar á viðhorfum Íslendinga og stjórnenda í íslensku atvinnulífi til erlendra fjárfestinga í mismunandi atvinnugreinum.***

Í SAMSTARFI VIÐ:

capacent GLACIER



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is




# Skráning á vorönn hafin

## tækninám og brautir NTV opna nýjar leiðir

### Kerfisstjórinn - 365 stundir - Verð: 493.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Kerfisstjórinn samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator"

| Morgunnámskeið byrja 24. nóvember (örfá sæti laus) og 11. janúar |

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. janúar |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrja 24. nóvember (örfá sæti laus) og 11. janúar |

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. janúar |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 299.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

| Morgunnámskeið byrjar 1. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. febrúar |
| Helgarnámskeið sem lotunám byrjar 30. janúar |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 9. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. febrúar |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 249.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrja 24. nóvember (örfá sæti laus) og 11. janúar |

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. janúar |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði námskeiðisins.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 23. febrúar |

### Diplomanám í forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Í náminu er leitast við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Námið byggir að miklu leyti á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og eru 3 alþjóðleg próf innifalin í verði námskeiðsins.

| Kvöldnámskeið byrjar 2. febrúar |

### Styttri sérfræðinámskeið

NTV býður upp á fjölda sérfræðinámskeiða í samstarfi við Opin Kerfi og verða þau auglýst á vef NTV með góðum fyrirvara.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreisluverði

OPIN KERFI · Microsoft Certified Partner · Learning Solutions · Pearson VUE Authorized Test Center · ECDL · PROMETRIC

INNRITUN FYRIR VORÖNN STENDUR YFIR

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS



TIL LEIGU

Frábært verslunarhúsnæði

Eitt reyndasta og besta verslunarrými Reykjavíkur að Laugavegi 38 er til leigu. Húsnæðið er 180 fermetrar að stærð, nýlega uppgert og í góðu ásigkomulagi. Hér hafa blómleg viðskipti verið stunduð samfellt í meira en hundrað ár og áhersla er lögð á að engin undantekning verði á því í jólavertíðinni framundan.

Upplýsingar veitir Arnheiður í síma 771 7340

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

# Erfitt að fylgja aflareglu síldarkvótans

**Hafró leggur til 40.000 tonna veiðar af sumargotsíld í ár. Talið er að 40 prósent af stofninum drepist vegna sníkjudýrasýkingar fyrir næsta sumar. Búist er við að sjávarútvegsráðherra tilkynni í dag heildaraflann af íslenskri sumargotsíld.**

**FISKVEIÐAR** Búist er við að sjávarútvegsráðherra tilkynni í dag ákvörðun um heildarafla af íslenskri sumargotsíld.

Hafrannsóknastofnunin telur að allt að 40.000 tonna veiðar hafi ekki umtalsverð áhrif á stofninn þótt óvissa sé um ástand hans og horfur vegna sníkjudýrs sem herjar á síldina. Talið er að um 40 prósent af hrygningarstofninum muni drepast úr sýkingunni fyrir hrygningu næsta sumar. Í fyrra voru veidd 152.000 tonn af sumargotsíld og 159.000 tonn árið áður.

Í sumar frestaði Hafrannsóknastofnunin því að gera tillögur um hámarksveiði á hefðbundnum tíma vegna óvissu um ástand stofnsins. Niðurstöður úr bergmálsmælingum, sem gerðar voru á síldargöngum við Breiðafjörð seinni partinn í október, hafa hins vegar leitt í ljós að stofninn er stærri en fram kom við sambærilegar mælingar í sumar og talsvert stærri en búist var við, að sögn Guðmundar Óskarssonar, síldarsérfræðings hjá Hafrannsóknastofnuninni.

Við venjulegar aðstæður eru veidd um 18 prósent úr hrygningarstofni, sem mælist nú 465.000 tonn. 40.000 tonna kvóti er langt undir aflareglunni, eða um 8,6 prósentum af hrygningarstofni.

„Það er erfitt að fylgja aflareglu núna, segir Guðmundur. „En við teljum að stofninn ætti að þola þessar veiðar.“



**VIÐ BRYGGJU** Ásgrímur Halldórsson SF frá Hornafirði var við síldveiðar í skerjunum utan við höfnina í Stykkishólmi í gær og biðu skipverjar eftir ákvörðun ráðherra um leyfðan hámarksafla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stofnunin leggur hins vegar áherslu á það í ráðgjöfinni að veiðinni verði stýrt svo að hægt verði að fylgjast með þróun sýkingarinnar með því að taka sýni af öllum helstu veiðisvæðum yfir hefðbundinn vertíðartíma. Guðmundur sagði að enn sem komið er væri sýkingin ekki farin að berast í hold síldarinnar og meðan svo er hafi hún lítil áhrif á nýtingarmöguleika aflans. Öll síldin fari í manneldi.

Í október var gefinn út 15.000 tonna rannsóknarkvóti, sem nýttist til fyrrgreindra rannsókna. Enn er verið að veiða úr þeim kvóta þótt skipin bíði ákvörðunar ráðherra um auknar veiðar.

Ásgrímur Halldórsson SF var að veiðum rétt utan við höfnina í Stykkishólmi þegar Fréttablaðið hringdi um borð síðdegis í gær. Ásgrímur Ingólfsson skipstjóri sagðist búinn að fá 300 tonn í tveimur köstum og sagði að aflinn hentaði vel í frystingu. Hann sagðist vona að sjávarútvegsráðherra heimilaði veiðar umfram ráðleggingu Hafrannsóknastofnunar um 40.000 tonn. „Það þarf að líta á fleira en ráðgjöfina, bæði ástandið í þjóðfélaginu og annað,“ sagði hann.

peturg@frettabladid.is



Fréttasamkeppni ungs fólks:

## Leitað frétta af stækkun ESB

**FJÖLMIÐLAR** Evrópunefnd stækkunarmála á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur nú í þriðja sinn boðað til verðlaunasamkeppni fyrir unga fréttamenn (EYJA 2010).

„EYJA 2010 skorar á fjölmiðlafólk og fjölmiðlafræðinema á aldrinum 17 til 35 ára til að fjalla um stækkunarferli ESB frá nýju sjónarhorni sem hvetur fólk til umhugsunar,“ segir í tilkynningu. Keppnin stendur frá 20. október 2009 til 28. febrúar 2010. Verðlaunahöfum verður svo boðið í menningarferð til Istanbúl vorið 2010. Nánari upplýsingar má finna á www.eujournalist-award.eu. **- óká**

SEB-bankinn í Svíþjóð gerir ráð fyrir að gjaldeyrishöftum verði aflétt fyrr:

# Mælir með krónukaupum á aflandsmarkaði

**VIÐSKIPTI** Greining SEB-bankans í Svíþjóð mælir með því við fjárfesta að kaupa krónur á aflandsmarkaði. Verðmæti þeirra muni aukast fram á mitt næsta ár. Jafnframt gerir bankinn ráð fyrir að gjaldeyrishöftunum verði aflétt fyrr en áður var talið, gangi þessi spá um þróun krónunnar eftir.

Í nýju áliti greiningardeildar bankans segir að kauptækifæri séu í krónunni miðað við núverandi aflandsgengi, sem sé í kringum 210 krónur fyrir evruna.

Greining SEB spáir því að aflandsgengið og skráð gengi hér innanlands muni mætast á næsta ári í 185 krónum fyrir evruna á fyrsta ársfjórðungi. Gengið styrkist síðan áfram og verði komið í 160 krónur fyrir evruna á öðrum ársfjórðungi næsta árs.

Fram kemur að erlendar krónueignir séu nú taldar nema um 4 milljörðum dollara eða tæplega 500 milljörðum króna. Erfitt sé að sjá samkvæmt viðskiptum á aflandsmarkaðinum hve miklu af þeirri upphæð hafi verið breytt í langtímasjóði.

„Hins vegar benda samræður okkar við fjárfesta, sem læstir eru inni á markaðinum, að enginn ótti sé til staðar. Margir þeirra hafi orðið fyrir miklu gengistapi og telji að krónan sé vanmetin,“ segir greiningin í áliti sínu.

Það er því niðurstaða greiningarinnar að enginn flótti erlendra fjárfesta sé fram undan þegar gjaldeyrishöftunum verður aflétt frekar en nú er, svo framarlega sem önnur efnahagsþróun á Íslandi verði á jákvæðu nótunum.



**KRÓNUR** Greining SEB-bankans í Svíþjóð mælir með því við fjárfesta að kaupa krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðskipti í Kaupmannahöfn:

# Royal Unibrew semur við Tívolíið

**DANMÖRK** Hið sögufræga Tívolí í Kaupmannahöfn hefur ákveðið að skipta út drykkjarvörum frá Carlsberg og taka inn Royal Unibrew í staðinn. Sem kunnugt er af fréttum eru Stoðir stærsti hluthafinn í Royal Unibrew og saman eiga Stoðir og Straumur rúmlega tuttugu prósenta hlut í þessum næststærstu bruggverksmiðjum Danmerkur.

Breytingin tekur gildi frá og með áramótum og segir í frétt um málið á borsen.dk að í framtíðinni verði gestum í Tívolí boðið upp á Royal-bjórtegundir, Pepsi, Faxe Kondi, Heineken, Nikoline og Egekilde. Samningurinn er til fimm ára.

Lars Liebst, forstjóri Tívolí, segist ánægður með þessi skipti. Samtímis verður Royal Unibrew kostunaraðili fyrir tónleikaröðina Fredagsrock en þar er um tuttugu tónleika að ræða á hverju ári og samtals sækir um hálf milljón gesta hana.

„Tívolí er eitt sterkasta vörumerki Danmerkur og þetta er því samstarf sem við erum mjög stolt af,“ segir Hans Savonije, forstjóri Norður-Evrópudeildar Royal Unibrew, í samtali við borsen.dk. „Þetta gefur okkur einstakt tækifæri til að styrkja markaðsstöðu okkar á Kaupmannahafnarsvæðinu.“






**FRÉTTAVIÐTAL:** Samkeppni á póstdreifingarmarkaði árið 2011

# Pósthúsið tilbúið í samkeppni um jólakortin eftir rúmt ár

**Íslandspóstur er með einkarétt á dreifingu á pósti undir 51 grammi. Í þann flokk falla nær öll jólakort og gluggapóstur. Einkarétturinn verður afnuminn á nýársdag 2011. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson settist niður með Hannesi Hannessyni, framkvæmdastjóra Pósthússins.**




**HANNES HANNESSON** Fyrir jólin 2011 geta landsmenn valið á milli tveggja fyrirtækja um dreifingu á jólapóstinum. Framkvæmdastjóri Pósthússins segir fyrirtækið hafa undirbúið jarðveginn vel fyrir afnám einkaréttarins og flaggar nýju vörumerki í tilefni þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í dag geta neytendur ekki valið eða gert verðsamanburð um hvort þeir sendi nafnamerktan póst, svo sem markpóst á ákveðinn hóp, með Íslandspósti eða Pósthúsinu, nema þeir séu með póst sem er 51 gramm eða þyngra,“ segir Hannes Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins.

Pósthúsið hefur síðustu misserin verið að búa sig undir afnám einkaréttar á pósti upp að fimmtíu grömmum að þyngd. Íslandspóstur hefur farið með einkaréttinn fyrir hönd ríkisins síðastliðin níu ár ásamt rekstri pósthúsa og útgáfu frímerkja. Þess má geta að hlutfall bréfa undir fimmtíu grömmum að þyngd er milli 85 og 90 prósent af heildarmagni bréfapósts.

Tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um afnám einkaréttarins tekur gildi á nýársdag 2011, einnig hér á landi. Hannes segir Pósthúsið, sem meðal annars dreifir Fréttablaðinu, hafa gert margt til að undirbúa jarðveginn fyrir samkeppni á póstmarkaðnum. Sjálfur kom hann að rekstri fyrirtækisins á umbrotatímum í lok árs 2006 þegar fyrirtækið glímdi við rekstrarerfiðleika.

„Við endurskipulögðum reksturinn með markvissum aðgerðum. Endurskipulagning dreifikerfisins var mikilvægust og við höfum endurhannað dreifingarkerfið í tvígang auk þess sem töluverðar breytingar á dreifingu Fréttablaðsins hafa verið innleiddar,“ segir Hannes. Í endurskipulagningunni fólust sársaukafullar uppsagnir haustið 2008 þar sem allir starfsmenn fyrirtækisins fengu uppsagnarbréf. „Nú er eftir hópur einarðra einstaklinga sem hefur gengið í gegnum súrt og sætt og trúir á fyrirtækið,“ segir Hannes.

Hjá Pósthúsinu starfa um sex hundruð manns, þar af um fimm hundruð blaðberar, sem sinna dreifingu á Fréttablaðinu og öðrum pósti á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Þá dreifa bílstjórar Pósthússins Fréttablaðinu og öðrum pósti á nóttunni, auk þess að dreifa fyrirtækjapósti og tímaritum á daginn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og helstu þéttbýlisstöðum.

Hannes segir nokkra þætti hafa valdið því að Pósthúsið varð að sækja fram. Í fyrsta lagi hafi Samkeppniseftirlitið bannað sameiginlega prentun og dreifingu Fréttablaðsins og Morgunblaðsins í fyrra, auk þess sem dreifing á fjölpósti hafi dregist saman um fimmtíu prósent eftir efnahagshrunið.

Niðurstaðan var sú að hefja dreifingu á nafnamerktum pósti, pósti sem einkaleyfi hvílir ekki á. Hafist var handa við að kynna nýja þjónustu hjá þeim fyrirtækjum og félagasamtökum sem standa í útgáfu. Nú hefur stór hluti séð hag í að láta Pósthúsið sjá um dreifinguna.

Hannes bendir á að mikilvægur hluti starfsemi Pósthússins sé að gera gæðakannanir á eigin dreifingu, það er nafnamerktum pósti, fjölpósti og Fréttablaðinu. Hringt er á hverjum degi í slembiúrtak íbúa í þeim hverfum sem Pósthúsið sinnir og spurt hvort dreifing hafi skilað sér. Gæðakönnunin hefur leitt í ljós að 96 prósent alls ónafnmerkts pósts skila sér og 99,5 prósent af nafnamerktum dreifingum rata rétta leið. „Undirbúningur fyrir afnám einkaréttar á bréfapósti er því hafinn. Það hlýtur að vera öllum neytendum til góðs,“ segir Hannes.

## JÓLAKORTIN Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA

Einstaklingar senda langmest póst rétt fyrir jólin. Nú kostar á bilinu 70 til 80 krónur að senda meðalkort innanlands hjá Íslandspósti. Árið 2000 kostaði á milli 40 til 50 krónur að senda eitt jólakort. Verðið hækkaði einu sinni á ári fram til maí í fyrra. Það jafngildir 60 prósenta hækkun. Síðan hefur það ekki hækkað.

Ætla má að fjölskyldur sendi á bilinu 50 til 100 jólakort ár hvert og getur sendingarkostnaður því numið allt að átta þúsund krónum miðað við hundrað jólakort.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON
jonab@frettabladid.is



LS LEIGA

HENTUG LAUSN
FYRIR SMÆRRI FYRIRTÆKI

Nú bjóðum við upp á byltingu í upplýsingatækni fyrir smærri fyrirtæki. Í boði er fullkomið Microsoft Dynamics NAV til leigu. Enginn uppsetningarkostnaður, fyrstu 30 dagarnir fríir og engar færslutakmarkanir.

**Hvað er í pakkanum?**

**Microsoft Dynamics NAV**
- Fjárhagsbókhald
- Eignakerfi
- Gjaldkeri
- Viðskiptamanna- sölubókhald
- Lánardrottna- og innkaupakerfi
- Birgðir
- Forðabókhald – grunnur
- CRM tengslastjórnun – grunnur
- Starfsmannahald – grunnur
- Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja (með sömu eignaraðild)

**Sérkerfi Landsteina Strengs í boði (frí uppsetning):**
- LS Laun
- LS Tímaskráning
- LS Launamiðar verktaka
- LS Innheimta
- LS Uppflettiveita (gengi, vísitölur ofl.)
- LS Sjálfvirkar bankaafstemmingar
- LS Pos verslunarkassi
- LS POS tenging við NAV

Kerfið er í öruggum höndum hjá Landsteinum Streng, stærsta hýsingaraðila Microsoft Dynamics hugbúnaðar á Íslandi. Nánari upplýsingar eru á www.ls.is og í síma 550 9000. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sala@ls.is

IPMA · VOTTUN HF IST ISO 9001 · Microsoft GOLD CERTIFIED Partner · Microsoft Dynamics

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LS LANDSTEINAR STRENGUR
Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

*Okkar þekking - þitt forskot!*

**FÆREYSKUR DANSUR** EFTIR **HULDAR BREIÐFJÖRÐ**

# ERU FÆREYJAR Í ÚTLÖNDUM?



Ungur Íslendingur tekur sér ferð á hendur til að hitta þjóðina sem virðist ekki geta hætt að bjarga okkur. Hvað er það með Færeyinga? Eru þeir svona ofboðslega gott fólk? Í þessari óvenjulegu ferðasögu um eyjarnar átján er sjónarhorninu beint að frændum okkar Færeyingum – **en ekki síður hinu nýja Íslandi.**

**HULDAR BREIÐFJÖRÐ** VAR TILNEFNDUR TIL **ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA** FYRIR BÓK SÍNA **GÓÐIR ÍSLENDINGAR**.

**ÚTGÁFUHÁTÍÐ**
Í DAG Í EYMUNDSSON
SKÓLAVÖRÐUSTÍG KL. 17.
HULDAR LES UPP.

**KYNNINGARVERÐ**
Á BÓKINNI
Í EYMUNDSSON
Í DAG!




„KLÁRAÐI FÆREYSKUR DANSUR EFTIR HULDAR BREIÐFJÖRÐ. FALLEG BÓK. OG Á ÓVÆNTAN HÁTT KANNSKI EIN BESTA BÓKIN UM HRUNIÐ.“
– HALLGRÍMUR HELGASON, FACEBOOK

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Spillingin í stjórnsýslunni:

## Frjálshyggjan er fórnarlamb

JÓN KALDAL SKRIFAR

Eitt af fórnarlömbum kreppunnar er hugmyndafræðin sem er ýmist kölluð frjálshyggja eða nýfrjálshyggja. Til hennar vilja margir rekja rætur þeirrar óhamingju sem efnahagur landsins hefur ratað í.

Ýmislegt er til í þeirri skoðun. Eitt stærsta áfall frjálshyggjumanna hlýtur að vera að markaðurinn reyndist ekki fær um að hafa eftirlit með sjálfum sér og leita jafnvægis af sjálfsdáðum. Vissulega má færa rök fyrir því að slík aðlögun sé í gangi um þessar mundir, en afleiðingarnar eru stórkostlegt tjón fyrir efnahag þeirra landa sem innleiddu hvað mest frelsi á fjármagnsmörkuðum.

*Það er ekki frjálshyggja að raða ættingjum, flokksfélögum og vinum inn í dómstóla og aðrar ríkisstofnanir.*

Fyrir vikið er vel skiljanlegt að margir hafa áhuga á að gera byltingu á því kerfi sem liggur til grundvallar í viðskiptalífi þessara sömu landa.

Þar á meðal er hópur fólks sem kom saman á sunnudaginn og stofnaði íslenskt útibú frá Attac-samtökunum, en þau berjast meðal annars gegn hnattvæðingu á forsendum nýfrjálshyggjunnar, eins og það er orðað á síðu samtakanna.

Í stefnuyfirlýsingu Íslandsdeildarinnar segir að landið hafi í rúm tuttugu ár verið „tilraunastöð nýfrjálshyggjunnar“ og að nú þurfi almenningur að „skipuleggja sig til að sækja fram til gagnsóknar í þágu réttláts samfélags“.

Réttlæti er alltaf fallegt markmið. Vandinn er bara sá að allar stjórnmálastefnur telja það fram sem einn af sínum hornsteinum.

Þar á meðal er frjálshyggjan. Enda er það alls ekki hún sem hefur verið meginvandi Íslands undanfarin ár. Hann ristir miklu dýpra og nær mun lengra aftur í tímann en þau tuttugu ár sem er talað um hér að ofan.

Það er ekki traust á markaði þegar stjórnmálaflokkar velja handgengna viðskiptamenn til að eignast banka. Það er ekki frjálshyggja að raða ættingjum, flokksfélögum og vinum inn í dómstóla og aðrar ríkisstofnanir. Og það er ekki heldur markaðshugsun að setja lög sem tryggja tilteknum ríkisstarfsmönnum, þar á meðal manni sjálfum, aukin eftirlaun og forréttindi.

Slíkt háttalag er þekkt úr sögubókunum í ríkjum sem kenndu sig við allt aðra stjórnmálastefnu en frjálshyggju. Arfleið þessara stjórnarhátta er að 67 prósent þeirra sem tóku þátt í nýbirtri könnun Háskólans á Bifröst telja að spilling í íslenskri stjórnsýslu sé mikil eða mjög mikil.

Ef einhverjar framfarir eiga að verða þurfa þessir innviðir íslensks samfélags að breytast til batnaðar. Lausnin felst ekki í því að taka upp stóraukinn ríkisbúskap og hafna frjálsum markaðsviðskiptum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jafnréttisstefnan

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra vill fá skýringar á framferði fjármálastjóra KSÍ þegar hann greiddi fyrir þjónustu á nektardansstað í rauða hverfinu í Zürich með greiðslukorti sambandsins. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði fjármálastjórann hafa sýnt dómgreindarleysi með því að vera á staðnum með kortið, en finnst ekki ástæða til að aðhafast í málinu. Í fyrra samþykkti KSÍ sérstaka jafnréttisstefnu sem hefur að markmiði að „sjónarmið jafnréttis verði samofið allri knattspyrnuiðkun á Íslandi“. Gott að KSÍ vilji virða sjónarmið jafnréttis í knattspyrnuiðkun á Íslandi. En utanvallar – og utanlands – gilda kannski önnur sjónarmið?



### Máttur fjölmiðla

Ásgerður Halldórsdóttir vann afgerandi sigur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi um helgina, hlaut rúm 700 atkvæði af tæplega 1.100. Guðmundur Magnússon, sem gaf líka kost á sér í oddvitasætið, hafnaði í öðru sæti. Fyrir helgi stóð til að þau Ásgerður og Guðmundur tækjust á í þætti Jóns Kristins Snæhólm á ÍNN. Ásgerður forfallaðist hins vegar og ákvað sjónvarpsstjórinn að þátturinn skyldi því ekki sýndur í sjónvarpinu. Kannski reið það baggamuninn?



### Forgangsröðunin

Fasteignamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er í kalda kolum eftir margra ára ólestur í skipulagsmálum, þar sem sveitarfélögin kepptust við að yfirbjóða hvert annað. Hvernig er best að leysa þann vanda? Því geta kannski borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson og Júlíus Vífill Ingvarsson svarað. Fyrst þurfa þeir aftur á móti að útkljá hið brýna álitamál um hvort ruglið í skipulagsmálum var Sjálfstæðisflokknum eða R-listanum að kenna. Þegar það er frá er svo kannski hægt að fara að ræða hvað sé til ráða.

bergsteinn@frettabladid.is

# Einnig þér að kenna



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Einelti

Þegar vinkona mín ein var á fermingaraldri bar það eitt sinn við þegar hún kom í skólann, að vinkonur hennar létu sem þær sæju hana ekki. Þegar hún talaði við þær, sneru þær upp á sig og gengu í burtu. Henni þótti þetta í meira lagi furðulegt. Þessi samhenti stelpuhópur var alla jafna glaðvær og ófeiminn að tjá sig. Þar sem þessi stúlka vissi ekki upp á sig neinn ósóma og vinkonurnar virtu hana ekki viðlits, lét hún þær afskiptalausar og blandaði geði við önnur skólasystkini sín. Síðar kom í ljós að ein þeirra var yfir sig skotin í einum skólabróður þeirra, en hafði borist til eyrna að hann væri spenntur fyrir vinkonu minni. Stúlkan tók þetta nærri sér og vinkonurnar fóru í samúðarfýlu, sem birtist með þessum hætti. Vinkonu minni þótti þetta svo fáránlegt, að það tæki því ekki að vera að erfa það.

Í dag berast fréttir af stelpuhópum innan lands og utan, sem sýna grimmd og miskunnarleysi í einelti, og gefa körlum síst eftir í hugmyndaflugi. Þetta er einhvers konar hóptryllingur sem þær/þeir magna upp hver hjá öðrum, og illvirkið tengir hópinn saman. Rétt eins og einhver þeirra hefði skorað sigurmark í landsleik, nema hvað þetta er skammarlegt leyndarmál, ekki stórfrétt.

**Stríðni eða einelti**

Samtökin Heimili og skóli ýttu úr vör átaki gegn einelti skólaárið 2009-2010 í október, og í byrjun nóvember samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að ákveðinn dagur ár hvert yrði helgaður baráttu gegn einelti í borginni. Ætla má að það verði ekki einfalt að draga úr slíku ofan frá, þó að opinber skilgreining á þeirri skelfingu sem einelti getur haft í för með sér rati vonandi til þeirra sem bera í sér hneigð til að niðurlægja aðra. Oftast til þess eins til að sýna vald sitt. Þá má finna hvar sem er. Á leikvöllum, heimilum, í skólum og á vinnustöðum. Í öllum félagskerfum. Hitt er líka til, að stríðni og glens sem er græskulaust af hálfu gerandans hitti illa fyrir einn úr hópnum. Komi það ekki upp á yfirborðið, getur hann hvorki beðist afsökunar né útskýrt að ekki hafi verið ásetningur hans að særa neinn.

*Þetta skildi þrettán ára stelpa þegar strákur utan af landi settist í bekkinn hennar og var greinilega utan hópsins. Hún tók saman dótið sitt, gekk til stráksins og spurði brosandi hvort hún mætti ekki sitja hjá honum. Meira þurfti ekki til.*

Á doktor.is má lesa skilgreiningu á einelti. Þar stendur meðal annars: Einelti er það kallað þegar hópur einstaklinga reynir að útiloka einn eða hugsanlega fleiri út úr hópnum með öllum mögulegum hætti. Þetta getur verið með stöðugri stríðni, gera fórnarlambið að aðhlátursefni, sýna því vanþóknun, hæðast að því, bera út slúður um fórnarlambið, einangra það og útskúfa og jafnvel getur verið um líkamlega valdbeitingu að ræða.

Aðeins lítill hluti hópsins er yfirleitt virkur, en nýtur stuðnings hins hlutans í gegnum aðgerðarleysi hans, en flestir þeirra líta svo á að hættulegt sé að taka upp hanskann fyrir fórnarlambið. Það gæti leitt til þess að þeir sjálfir verði lagðir í einelti.

**Ábyrgð leiðtoga**

Leiðtogar eru með ýmsu móti. Sumir eru í forystu í stjórnmálum, félagsamtökum eða viðskiptalífi, aðrir hverfa inn í fjöldann, en eru þeir sem allir í umhverfinu treysta og líta til.

Slíkir leiðtogar bera mikla ábyrgð. Þeir þurfa ekki annað en spjalla við þann sem einelti beinist gegn á göngum skólans eða vinnustaðarins, ganga til hans á skólalóðinni, hlusta á hann af athygli og sýna honum áhuga, til að eineltið hverfi. Þetta skildi þrettán ára stelpa þegar strákur utan af landi settist í bekkinn hennar og var greinilega utan hópsins. Hún tók saman dótið sitt, gekk til stráksins og spurði brosandi hvort hún mætti ekki sitja hjá honum. Meira þurfti ekki til.

Hræðslan við að lenda í ónáðinni með fórnarlambinu er ótrúlega rík. Menn færa sig líka fjær þeim sem af einhverjum ástæðum er í opinberum hremmingum. Líta í hina áttina. Jafnvel eftir margra ára vináttu. En það verður enginn stikkfrí af því. Tómas orðaði það betur en nokkur annar: Því mætti ei til ver böl sem bætt þú gast/ og barist var á meðan hjá þú sast/ er ólán heimsins einnig þér að kenna.

# Safnað fyrir vatnsverkefni

**UMRÆÐAN**

Bjarni Gíslason skrifar um söfnunarátak



BJARNI GÍSLASON

Í dag halda fermingarbörn á öllu landinu áfram að ganga í hús og safna fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar. Þau hafa hjá prestinum sínum séð myndir og fræðst um munaðarlausa fjölskyldu í Úganda sem lifir við erfiðar aðstæður. Foreldrarnir eru látnir úr alnæmi og börnin þurfa að nota tvær klukkustundir á dag til að sækja vatn.

En ekki bara það heldur er vatnið ókræsilegt, sótt í leirtjörn þar sem dýr og menn ganga jafnt að. Þau fá líka að heyra hvernig vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Afríku breyta erfiðum aðstæðum til hins betra. Í Úganda eru reist hús og vatnstankar sem safna rigningarvatni, í Malaví eru grafnir og boraðir brunnar sem gefa hreint, tært og heilnæmt vatn. Hreint vatn í næsta nágrenni gjörbreytir lífinu til hins betra. Stúlkur þurfa ekki að missa af skólanum vegna tímans sem fer í að sækja vatn, heilsan verður betri og mæður og feður hafa tíma til að sinna fjölskyldunni, börnum og akri betur.

Fermingarbörn láta ekki duga að fræðast um kristna trú heldur láta athafnir fylgja orðum og ganga tvö og tvö í hús með merkta og innsiglaða bauka og biðja um framlag til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Afríku. Þau eru fyrirmynd fyrir okkur hin um að gera eitthvað í málunum, standa upp úr sófanum og grípa til aðgerða. Allt í sjálfboðavinnu.

Er það ekki einmitt slíkt hugarfar sem við þurfum á að halda á Íslandi í dag? Er það ekki einmitt slíkur kraftur sem við þurfum á að halda? Er það ekki einmitt slík samstaða sem er nauðsynleg í dag? Er það ekki slíkur kærleikur sem við þráum öll? Tökum þátt í kærleiksverki fermingarbarna, stöndum upp úr sófanum og setjum pening í baukinn til góðs fyrir þá sem hafa ekki einu sinni aðgang að hreinu vatni.

*Höfundur er fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**STÓRTÓNLEIKAR** verða í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 12. nóvember til styrktar Barna- og unglingageðdeild. Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikunum sem hefjast klukkan 20 en fjöldi þekktra tónlistarmanna kemur fram, þeirra á meðal Lay Low, Ellen Kristjánsdóttir, Friðrik Ómar og Jógvan.








Á leið á Hvannadalshnúk eftir Sandfellsleiðinni í um það bil 1.300 metra hæð. Finnbogi með félaga sinn í eftirdragi.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fjallgöngur alltaf heillað

**Útivera og íþróttir hafa heillað Ívar Frey Finnbogason alveg frá því að hann var lítill gutti. Í starfi sínu sem fjallaleiðsögumaður fær hann mikla útrás fyrir þennan áhuga og hefur farið víða á vegum vinnunnar.**

„Þetta er bara það sem ég geri. Alveg eins og sumir spila fótbolta eða aðrir mála þá klýf ég fjöll. Þetta er bara einhver innri þörf sem ég þarf að fá útrás fyrir,“ segir Ívar, beðinn um að lýsa í hverju aðdráttarafl fjallganga sé fólgið. Hann bætir við: „Á góðum degi horfir maður í kringum sig og virðir fyrir sér dýrðleika sköpunarverksins. Kemst upp fyrir eitthvað þar sem daglegt amstur skiptir ekki máli. Lífið verður einhvern veginn einfalt, hreint og fallegt.“

Hann hefur að eigin sögn alltaf verið áhugasamur um útiveru, rétt eins og allt hans fólk. „Ætli ég sé samt ekki mesti öfgamaðurinn.“ segir hann hlæjandi og bætir við að fjallgöngurnar falli undir þetta útivistaræði sem hann er haldinn.

Ívar segist fá heilmikla útrás fyrir áhugamálið í vinnunni en hann starfar hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, sem bjóða upp á allt frá auðveldum dagsferðum til erfiðra heimskautaleiðangra. „Í janúar á þessu ári fór ég til dæmis á Suðurskautið með kúnnahóp. Þar gengum við á hæsta fjallið, það er Vinson, sem er ef ég man rétt einhverjir 4.892 metrar á hæð. Við vorum heila tíu daga bara að fara yfir Suðurskautið, en þá var sjálf fjallgangan eftir,“ rifjar hann upp.

Ívar hefur komið víða við á vegum fyrirtækisins, bæði innanlands og utan. Einna skemmtilegast þykir honum að fara á Hvannadalshnúk. „Þetta er rosalega heillandi fjall, meðal annars vegna þess að það er það hæsta á landinu. Svo er reyndar enn skemmtilegra að fara á Hrútsfjallstinda, sem eru skammt frá,“ segir hann og bætir við að þangað fari þó eingöngu harðasti kjarninn.

Hann segir mikilvægt að vera í góðu formi og vel skipulagður, fjallgöngur séu krefjandi og gott að vera búinn undir óvæntar uppákomur. „Ég hef til dæmis lent í vandræðum einu sinni eða tvisvar á svipuðum slóðum á Vatnajökli. Það hljómar kannski ekki traustvekjandi fyrir mann í minni stöðu en getur auðvitað hent hvern sem er, meira að segja vanan mann eins og mig. Aðalatriðið er bara að láta það ekki stöðva sig, heldur halda áfram.“

Og hvað er fram undan? „Um síðustu helgi var ég til dæmis með námskeið fyrir Fjölbrautaskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Þau stóðu sig vel,“ segir hann. „Nú svo er bara að keyra áfram þessi prógrömm hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum.“ *roald@frettabladid.is*




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**ALMENN BÓLUSETNING** gegn inflúensu A (H1N1) hefst mánudaginn 23. nóvember. Landsmenn allir geta pantað tíma á heilsugæslustöðvum fyrir bólusetninguna frá og með mánudeginum 16. nóvember. Viku síðar verður byrjað að bólusetja þá sem skráðu sig fyrstir.


















## Fimmtíu og þrír fá tysabri-meðferð

LÖGÐ VAR FYRIR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA SPURNING UM NOTKUN TYSABRI Á ÍSLANDI.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur kemur fram að 53 MS-sjúklingar fá tysabri-meðferð á Landspítalanum og á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Einnig kemur fram að ekki hafi verið gerðar samanburðarrannsóknir á Tysabri og eldri lyfjum sem fyrirbyggjandi meðferð við MS-sjúkdómnum. Ekki sé komin eins mikil reynsla á lyfið og á eldri lyfjum við MS-sjúkdómnum þótt það virðist lofa góðu. Þá segir að neikvæð áhrif í tysabri-meðferð séu nokkur tilvik af lífshættulegri heilabólgu og er sagt að það hafi meðal annars seinkað skráningu lyfsins á sínum tíma og að einmitt þetta hafi leitt til þess að farið er mjög varlega í að beita því. Kostnaður við ársmeðferð Tysabri er um 4,5 milljónir króna en ársmeðferð með ódýrasta ónæmisörvandi lyfið, Copaxone, kostar um tvær milljónir.





Dýnurnar komnar á staðinn. Hera Grímsdóttir, Valdimar Grímsson, Páll Ingvarsson, Sigþrúður Loftsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Þorbjörn Sigurbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gáfu dýnur á Grensásdeild

**Hera Grímsdóttir hefur hryggbrotnað tvisvar á ævinni og notið góðs af endurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Hún hafði lengi ætlað að endurgjalda Grensásdeildinni og ákvað á dögunum að gefa heilsudýnur í samvinnu við Lystadún-Marco.**

„Ég lenti í slæmu snjóbrettaslysi í Frakklandi í janúar árið 2004. Þá fór ég í vondu veðri fram af svokölluðu „superpipe“ og féll fjóra metra niður með þeim afleiðingum að einn hryggjarliður mölvaðist og annar féll saman,“ segir Hera Grímsdóttir, sem gaf í gær í samvinnu við Lystadún-Marco fjórtán heilsudýnur á Grensásdeild Landspítala.

Eftir slysið dvaldi Hera í tvær vikur á spítala í Frakklandi og undirgekkst tvær aðgerðir. Eftir það var hún flutt heim og hóf endurhæfingu á Grensásdeild sem stóð yfir í fimm mánuði. Hún hafði hlotið mænuskaða og missti máttinn í vinstri hluta líkamans og að hluta til hægra megin. „Ég fékk mjög fljótt aftur máttinn í fæturna,“ segir Hera.

Hún lætur mjög vel af dvöl sinni á Grensás. „Þetta er yndislegur staður þar sem mikil jákvæðni ríkir og kraftaverk gerast,“ segir hún og hefur aðeins undan einu að kvarta. „Þegar maður eyðir meira en helmingi sólarhringsins í rúminu þarf dýnan að vera góð, en dýnurnar á Grensás hentuðu mér alls ekki,“ segir Hera, sem festi kaup á heilsudýnu sem hún notaði meðan á dvöl hennar stóð og sem hún síðar skildi eftir þegar hún fór. „Hún var kölluð prinsessudýnan,“ segir Hera í gríni. Hún segist hafa náð sér ágætlega en þeir bakverkir sem fylgi brotinu virki sem nokkurs konar einkaþjálfarar. „Um leið og ég finn til veit ég að ég þarf að fara að hreyfa mig meira,“ segir hún glaðlega og lætur ekkert hindra sig í því að lifa lífinu til fulls. Hún hefur frá slysinu hryggbrotnað aftur en þó án mænuskaða og eignast tvö börn og er alsæl með tilveruna.



Hera Grímsdóttir á Grensásdeild mikið að þakka.

„Ég var alltaf ákveðin í því að reyna að endurgjalda Grensásdeildinni á einhvern hátt. Dýnurnar voru það sem mér fannst mest vanta þegar ég var á Grensási og því fannst mér tilvalið að gefa þær,“ segir Hera og bætir við að landsátakið á dögunum hafi orðið til þess að ýta við henni. En hvað er það sem skiptir mestu máli til að ná bata eftir slys, er það góður nætursvefn? „Já, og rétt hugarfar.“

*solveig@frettabladid.is*



















# ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

**Au-pair - Holland**
Við erum 5 manna fjölskylda í Hollandi sem óskar eftir því að fá til sín hressa og duglega stelpu í 6 mánuði frá byrjun næsta árs. Verður að vera orðin tvítug og reyklaus. Ef þú hefur áhuga og vilt fá nánari upplýsingar sendu endilega póst á aupairholland@hotmail.com

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.**

**HELLUBORG DÓRA**
**Nú er rétti tíminn fyrir garðsnyrtingu ! Alhliða garðumhirða, garðvinna, hellulagnir ofl. Upplýsingar í síma 616 9714 eða helluborg@helluborg.is**
**Halldór Sveinn Ólafsson**
**www.helluborg.is**

**Smágröfuleiga**
**Drenlagnir**
**Hellulagnir**

**Tökum að okkur alhliða lóðavinnu.**
**Upplýsingar í síma 824 7565 Beggi 696 6676 Bjössi.**

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, uppgjör, ársreikningar, launavinnslur. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörsaðili getur bætt við sig verkefnum. S. 772 55 33 Info@BetraBokhald.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málingarvinna**
**Tökum að okkur að mála íbúðir, sameignir og stigaganga, ásamt verslunar og skrifstofuhúsnæði. Leggjum áherslu á snyrtilega umgegni. Gerum föst tilboð að kostnaðarlausu eða tímavinna. Bjóðum örugga þjónusta og lærða fagmenn. Uppl. í s. 869 3934.**

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**




**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.


**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólf list

**ERU SKOLPLAGNIR BILAÐAR?**
**Endurnýjum skolplagnir með nýrri tækni, ástandsskoðum skolplagnir með röramyndavél. Kíktu á nylogn.is Uppl. í síma 893 9229.**

**Flisaverk.is**
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

## Til sölu

**Umbúðaframleiðslu- og frauðplastframleiðsluvélar til sölu.**

Um er að ræða 2 framleiðsluvélar í leiguhúsnæði á Akureyri. Afhending skv. samkomulagi. Frekari upplýsingar veittar á skrifstofunni. Áhugasamir hafi samband eigi síðar en föstudaginn 13. nóvember nk.

**Lögmannsstofa SS ehf., Hamraborg 10, 201 Kópavogi, sími 5545200, netfang ss@logkop.is**

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki og húsaviðgerðum. Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

JM Múrbrot Kjarnaborun & Steinsögun Sími 898 0722.

**Hreinsa þakrennur**
Hreinsa þakrennur fyrir veturinn. Set upp jólaskreytingar. Næ í bíla heim/ í vinnuna og skipti yfir á vetrard ofl. ofl. Uppl. í s. 847 8704.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Setjum upp jólaljós í garða og hús. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Tek að mér viðhaldsverkefni stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður s. 698 9608.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

**Tölvufjarhjálp**
Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Excellent tantrik whole body massage. S.8227301

Whole body massage. Tel. 849 5247.

NEW!LUXURY TANTRIC MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! 8698602.

## Spádómar

**Spálínur Sjáandans**
**Opið virka daga**
**Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**
**Sibba 908 2507 kl. 22-24**
**Spádómar og ráðgjöf**

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro**

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

**-Símaspá - Einkatímar**
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

## Rafvirkjun

**Raflagnir**
**Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta



**GreenHouse**
Haust- vetrarlína GreenHouse. Verið velkomin að sækja fríann bækling. Opið í dag þriðjudag kl. 13 - 19. GreenHouse Rauðagerði 26.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
**Hjólahnallur**


www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Óska eftir að kaupa notaða vél fyrir Cadillac Deville árg. '00. S. 697 3832.

## Gefins

2 GSM símar samsung og Sony Ericsson v. 5þ. stk. S. 864 8918.

## Hljóðfæri

Til sölu Gamall Brambach flygill. 147cm. Spilhæfur en þarnast aðhlynn. V. 150þús. s. 869 257.

## Vélar og verkfæri

CMT ORANGE TOOLS

CMT sagarblöð og fræsitennur í mjög miklu úrvali, góð verð.
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 Sími 5641212

## Til byggingа

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is



Tunica 9.900 kr. Var að taka upp str 42-56. Emilía Bláu húsin Faxafeni www.clamal.is s: 588-9925

## Ýmislegt

**Markaður**
Til leigu 70-100 fm húsnæði fyrir jólamarkað eða vörumarkað fyrir jólin. Húsnæðið er í verslunarmiðstöð í Breiðholti. Uppl. í s. 693 7141.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Notalegt nudd! Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem elska að daðra við karlmenn í djörfum samtölum og spennandi símaleikjum. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsstúlkum í í eftirfarandi þjónustustörf: Fullt starf, vaktavinna 11-23, einnig hlutastarf á kvöldin og um helgar.**
**Ekki yngri en 18 ára, íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða fólk í dagvinnu. Í boði er hálfsdags og heilsdagsstarf.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924 Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**



Vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu“ leitar Rauða Torgið samstarfs við djarfar og yndislegar konur, 25 ára og eldri. Góðir tekjumöguleikar fyrir ófeimnar, lífsreyndar konur. Sjá nánar á heimasíðu okkar, www.RaudaTorgid.is (atvinna).

Salagrill óskar eftir starfsfólki. Aðeins 20 ára + koma til greina. Upplýsingar í 6168798

Óskum eftir hörkuduglegum, reyklausum og sjálfstæðum aðila á dagvaktir í söluturn í Breiðholti. Eingöngu 18 ára og eldri koma til greina. Sendið umsókn með upplýsingum um reynslu og fyrri störf á sara@f44.is Uppl. í s: 690 8105 eftir kl. 16.

SALA - Járniðnaður Leitum að traustum og vönum sölumanni í sölu og ráðgjöf til járnsmíða og vélsmíða fyrirtækja. Þarf að geta lesið og skrifað ensku, góða grunnþekkingu í vinnu á tölvu. Helst með reynslu úr járn-vélsmíða iðnaði. Tæknifræði eða önnur fagmenntum æskileg. Aðeins algerlega reyklausir aðilar koma til greina. Framtíðarvinna. Vinsamlega sendið upplýsingar til: verkfaeri@gmail.com

**Bónstöð**
Vanur starfskraftur óskast á bónstöð, þarf að geta unnið sjálfsstætt og helst vera vanur við gerðum líka. Uppl. í s. 615 9091

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Kjötiðnaðarmaður með fjölþætta reynslu óskar eftir starfi. Uppl. á grani@simnet.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu nýleg og falleg 2-3ja herb. 70 fm íbúð á jarðhæð með sér inngang og góðri afgirtri verönd á rólegum stað í Breiðholtinu. Ath íbúðin er reyklaus og dýr eru bönnuð. Er laus 15 nóv. Nánari uppl. í síma 8617381 e. kl. 17

Til leigu 100 fm 4ra herb. í 111 Rvk. Leiga 130.þ. m.hússj. Uppl. í s 898-1944

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM FOR RENTw/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND 111 AND 109 BREIÐHOLT 8973611

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

100 fm 3-4 herb. íbúð í atvinnuh. á Bíldshöfða. Leiga 130 þús. Laus strax. S. 699 0059.

## Húsnæði óskast

Reglusamur hjúkrunarfræðinemi á lokaári óskar eftir íbúð til leigu frá ca. miðjum desember. Greiðslugeta allt að 80 þús. á mánuði. s. 8235510-Gunnar

2 herbergja eða lítil 3 herbergja íbúð óskast í RVK,, er reglusamur 56 ára karlmaður, greiðslu geta sirka 70 þ,, uppl á www.hallur53@hotmail.com

Óska eftir studíóíbúð eða 2 herb. íbúð. Langtímaleiga. S. 893 5908.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 30 fm sérstandandi bílskúr v/ Ægissíðu án aðkeyrsluhurðar en m góðum gluggum og salernisaðstöðu. Hægt að nýta á ýmsan hátt, t.d. geymsla eða sem vinnuaðstöðu. Ekki til íbúðar. Verð kr. 35.000.-. Uppl. í s. 892 9171.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

I'm looking for a garage in the Reykjavik area max 15.000 to 20.000 Isk. Phone: 857 6593.

## Gisting

2 manna herb. í miðbæ Rvk. 6500 kr. nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661.

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com


vísir.is
“...ég sá það á vísi”

BYLGJAN
Í FYRSTA SÆTI




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**SINBAD ER 53 ÁRA Í DAG.**

*„Ef þú ert ekki hamingjusamur áður en velgengnin bankar á dyrnar hjá þér, þá líður þér hörmulega eftir það því öll þín vandamál tvöfaldast.“*

***Bandaríski leikarinn og uppistandarinn Sinbad, sem heitir réttu nafni David Adkins, er meðal annars þekktur úr sjónvarpsþáttunum A Different World og kvikmyndinni Jingle All the Way.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. NÓVEMBER 2007

## Jóhann Karl segir Chavez að þegja



Á ráðstefnu ríkja Rómönsku Ameríku og Íberíuskagans í Santiago í Chile á þessum degi árið 2007 truflaði Hugo Chavez, forseti Venesúela, ítrekað ræðu José Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar. Chavez kallaði meðal annars José María Aznar, forvera Zapatero í embætti, fasista og sagði að snákar væru mannlegri en hann. Einnig ásakaði Chavez Aznar um að hafa átt þátt í mislukkaðri tilraun til að koma honum frá völdum.

Konungi Spánar mislíkaði hegðun Chavez, hallaði sér í átt til hans og sagði: „Af hverju þegir þú ekki bara?“ Þetta uppátæki vakti almenna ánægju annarra gesta í salnum.

Ummælin fóru eins og eldur í sinu um Rómönsku Ameríku, þau urðu vinsæl hringitónn í farsímum og slagorð á stuttermabolum, svo fátt eitt sé nefnt.

### MERKISATBURÐIR

**1848** Í Kaupmannahöfn er stofnuð sérstök stjórnardeild til að annast málefni Íslands, Grænlands og Færeyja. Fyrsti forstöðumaður hennar var Brynjólfur Pétursson lögfræðingur.

**1871** Henry Morton Stanley og David Livingstone hittast í bænum Ujiji á bökkum Tanganjika-vatns og verður Stanley að orði: „Dr. Livingstone, vænti ég?“

**1913** Járnbrautarlest er notuð til fólksflutninga á Íslandi í fyrsta og eina skiptið þegar verktakar breyta flutningalest og flytja blaðamenn og aðra farþega frá Reykjavíkurhöfn að Öskjuhlíð.

### AFMÆLI



**BRITTANY MURPHY** leikkona er 32 ára í dag.



**MAGNÚS SCHEVING** íþróttamaður, rithöfundur og leikari er 45 ára í dag.



**U-GOD** rappari er 41 árs í dag.



**ENNIO MORRICONE** tónskáld er 81 árs í dag.



**PATRIK BERGER** knattspyrnumaður er 36 ára í dag.



**JENS LEHMANN** knattspyrnumaður er 40 ára í dag.



**RITHÖFUNDUR** Naut aðstoð góðra vina við að klára viðtalsbókina sem hún sendir frá sér fyrir jólin. Hér er hún með fóstursyni sínum Goða, eins og hún segir sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR:** SENDIR FRÁ SÉR BÓKINA MILLI MJALTA OG MESSU

# Herra Parkinson barinn niður

„Ég hef verið í blaðamennsku síðan árið 1977 og hef alltaf sagt að besta geðlyfið sé að skrifa. Það er svo hollt fyrir sálina,“ segir Anna Kristine Magnúsdóttir, sem nýverið sendi frá sér viðtalsbókina Milli mjalta og messu, sem er unnin upp úr viðtölum við fimm ólíka viðmælendur úr samnefndum útvarpsþáttum Önnu. Anna greindist með parkinsonsveiki í vor og naut góðrar aðstoðar vina sinna við ritun bókarinnar.

Anna Kristine hafði verið óvinnufær frá því síðla árs 2007 vegna tíðra krampa í handleggjum og máttleysis í höndum. Hún greindist þó ekki með parkinsonsveikina fyrr en í apríl síðastliðnum og tók þeim fregnum illa fyrst í stað. „Ég grét stanslaust í þrjá daga, en svo tók baráttuhugurinn völdin. Ég hringdi í Guðjón Inga Eiríksson hjá Bókaútgáfunni Hólum, sem fyrst hafði beðið mig um að skrifa bók upp úr útvarpsþáttunum árið 1998, og spurði hvernig honum litist á jólabók. Honum leist vel á það og á miklar þakkir skildar fyrir að hafa trú á mér.“

Nauðsynlegur hluti af skriftunum var að vélrita upp viðtölin úr útvarpsþáttunum, sem Anna Kristine var ekki fær um að gera snemma sumars. Við það verkefni naut hún aðstoðar vinkvenna sinna, þeirra Guðrúnar Brynjólfsdóttur, Önnu Rósu Bjarnadóttur og Þórunnar Stefánsdóttur. „Þær létu ekki þar við sitja heldur voru sífellt að hvetja mig áfram, fara yfir textann og prófarkalesa. Þetta var mikil vinna. Þær eiga stóran hlut í bókinni og ég er þeim endalaust þakklát,“ segir Anna Kristine. „Meðan þær vélrituðu, tók ég viðtöl á nýjan leik við fólkið og byggði svo ofan á, bætti við og breytti talmálinu.“

Þegar leið á sumarið fóru lyfin sem Anna var á að hjálpa henni mjög mikið. Einnig komst hún að á Reykjalundi í fjögurra vikna meðferð sem er sérhönnuð fyrir parkinsons-sjúklinga. „Þar fílefldist ég og gerði það að verkum að ég gat sett bókina saman upp á eigin spýtur. Nú geri ég æfingar daglega til að halda mér við og er á fullu að berja herra Parkinson niður. Hann fær sko ekki að komast upp með neitt,“ segir Anna og hlær. „Ég er orðin jafn góð núna og var áður en þetta dundi yfir í lok árs 2007. Það þakka ég líka þeim þremur læknum sem bókin er tileinkuð, Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur, Júlíusi Valssyni og Árna Tómasi Ragnarssyni. Það er nefnilega mikils um vert að læknar gefist ekki upp á sjúklingum sínum og haldi áfram að leita þar til rétta svarið fæst.“

Að sögn Önnu Kristine skiptir stuðningur vina og vandamanna öllu máli fyrir þá sem kljást við sjúkdóminn. „Ég hef lært að elska fólk eins og það er. Það hafa nokkrir vinir horfið eftir að ég greindist. Ég lít það nú jákvæðum augum og segi að það sé fínt að fá parkinsons-sjúkdóminn til að taka til í vinaskápnum sínum,“ segir Anna Kristine.

kjartan@frettabladid.is




†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Yngva Jónssonar**
Miðgarði 12, Keflavík.

Katrín Árnadóttir
Gunnar Már Yngvason — Ásta Pálína Stefánsdóttir
Sigríður Yngvadóttir
Hrefna Yngvadóttir
afabörn og langafabörn.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Guðríður Arnbjörnsdóttir**
frá Nýlendu, Stafnesi, til heimilis að Miðhúsum, Sandgerði,

lést á Landspítalanum laugardaginn 7. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Sigurbjörg Eiríksdóttir — Gunnar B. Sigfússon
Arnbjörn R. Eiríksson
Guðrún J. Eiríksdóttir — Þröstur Sveinsson
Laufey Þ. Eiríksdóttir
Dagbjört H. Eiríksdóttir — Eiður Stefánsson
Barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.




**TÖLUM SAMAN** Vigdís Finnbogadóttir afhjúpaði listaverkið.

## Gleður augu bókasafnsgesta

Fjölmenni var og mikil gleði ríkjandi á aðalsafni Borgarbókasafnsins þegar eins árs afmæli Söguhrings kvenna var fagnað nýlega. Frú Vigdís Finnbogadóttir afhjúpaði listaverkið Tölum saman sem konur í söguhringnum höfðu unnið í sameiningu undir handleiðslu listakvennanna Fitore Berisha og Helgu Arnalds. Verkið hangir nú uppi á fyrstu hæð Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu og gleður augu gesta og gangandi. - gun

# Málþing um barnvænt samfélag

Samtök atvinnulífsins, Heimili og skóli – landssamtök foreldra og Félag leikskólakennara standa saman að málþingi um barnvænt samfélag í fyrsta sinn á morgun.

Markmiðið er að vekja samfélagið til vitundar um hversu mikilvægt er að hlúa að börnum og gera samfélagið barnvænt. Einn mikilvægasti hlekkurinn í því samhengi er samstarf við atvinnulífið. Er viðvera barna á leikskólum þar meðal annars mikið hagsmunamál.

Málþingið, sem er öllum opið, verður haldið á Grand Hótel Reykjavík og stendur frá klukkan 8 til 11 en þar fá hagsmunaaðilar tækifæri til að ræða um barnvænt samfélag út frá ólíkum sjónarhornum.

Frummælendur verða Sæunn Kjartansdóttir, höfundur bókarinnar Árin sem enginn man, Ragnhildur Sverrisdóttir foreldri, Arnar Yngvason leikskólakennari, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs Reykjavíkur, og Svali Björgvinsson, starfsmannastjóri Icelandair. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarpar þingið en Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, stýrir.

Skráning fer fram á vef Samtaka atvinnulífsins www.sa.is en þátttaka er ókeypis.

- ve



**HAGSMUNAAÐILAR HITTAST** Meðal frummælenda verður Sæunn Kjartansdóttir, höfundur bókarinnar Árin sem engin man.

---



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Tryggva Jónassonar**
Hásteinsvegi 56a, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til Skipalyftunnar, Kiwanisklúbbsins Helgafells og Lúðrasveitar Vestmannaeyja. Einnig fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja hugheilar þakkir fyrir frábæra umönnun og hjartahlýju.

Guð blessi ykkur öll.

**F.h aðstandenda,**

**Jóna Margrét Júlíusdóttir.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Rúnar Örn Hafsteinsson**
flugvélaverkfræðingur,

lést á Landspítalanum að morgni sunnudagsins 8. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á reikning til styrktar dóttur hans (0701-15-202020 kt. 020908-3270) eða Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna s: 588-7555.

**Una Björg Einarsdóttir**
**Arna Eir U. Rúnarsdóttir**
**Guðmunda Ingimundardóttir** **Þórarinn B. Guðmundsson**
**Hafsteinn Sigurjónsson** **Jónína Ólöf Sighvatsdóttir**
**Rakel Ösp Hafsteinsdóttir** **Reynir Örn Jóhannsson**
**Samúel Arnar Hafsteinsson**
**Hafsteinn Ernir Hafsteinsson**
**Einar Ármannsson** **Ásdís Garðarsdóttir**
**Ármann Einarsson** **Þórhalla Sólveig Jónsdóttir**
**Emil Karel Einarsson**

---



*Elskulegi faðir minn, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Hjörleifur Gunnarsson**
tæknifræðingur
Melseli 22, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 6. nóvember. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeildina í Kópavogi, sími 543-1159.

**Viktor Freyr Hjörleifsson**
**Gunnar Finnsson** **Elsebeth Finnsson**
**Jóhannes Jacobsen** **Jórun Jacobsen**
**Kristinn Gunnarsson** **Lilja K. Hallgrímsdóttir**
**Ásta María Gunnarsdóttir**
**Rafn Gunnarsson**
**Anna Gunnarsdóttir**
**Súsanna Gunnarsdóttir** **Jón Vilhjálmsson**
**Bylgja Gunnarsdóttir**
**frændsystkini.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Jörgens Faurholt Ólasonar**
Yrsufelli 32, Reykjavík.

**Sólveig B. Halldórsdóttir**
**Stefanía Jörgensdóttir** **Einar Einarsson**
**Halldór J. Jörgensson** **Katrín Guðmundsdóttir**
**Anna Karen Jörgensdóttir** **Björn Jónsson**
**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem hjálpuðu okkur og veittu okkur styrk vegna fráfalls ástkærrar dóttur okkar og systur,*

**Lilju Kjartansdóttur**

Guð blessi ykkur öll.

**Kjartan Mar Eiríksson**
**Svava Magnúsdóttir** **Halldór Olgeirsson**
**Magnús Guðmundsson**
**Ívar Kjartansson.**

---



*Ástkær eiginkona mín,*

**Guðrún Steinunn Halldórsdóttir**
Sólvallagötu 14, Reykjavík,

andaðist á Grund dvalar- og hjúkrunarheimili sunnudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 16. nóvember kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Grundar dvalar- og hjúkrunarheimilis.

**Brian Dodsworth.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, fósturmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Friðbjargar Friðbjörnsdóttur**
Víðilundi 16a, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

**Friðbjörn Berg**
**Þorsteinn Berg** **Heiðrún Sverrisdóttir**
**Jón E. Berg** **Bryndís Baldursdóttir**
**Bryndís Berg** **Ingólfur S. Sveinsson**
**Þórdís Jörgensen** **Preben W. Jörgensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Irma Jóhanna Pálsdóttir**
frá Neskaupstað, Boðahlein 11, Garðabæ,

lést á heimili sínu föstudaginn 6. nóvember. Útför verður auglýst síðar.

**Anna Gréta Baldursdóttir** **Sigurður Runólfsson**
**Sólveig Baldursdóttir** **Sigurður Steinar Ketilsson**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jenný Haraldsdóttir**
Langagerði 60, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás, styrktarfélag, Skipholti 50c, Reykjavík, sími 414 0500 (www.styrktarfelag.is)

**Valborg Davíðsdóttir** **Ragnar Breiðfjörð Ragnarsson**
**Kristrún Davíðsdóttir** **Ásgeir Eiríksson**
**Jóhann Bjarnason**
**Jenný Davíðsdóttir** **Ólafur Einarsson**
**Hildur Davíðsdóttir** **Hreinn Hafliðason**
**Elsa María Davíðsdóttir** **Þórhallur Matthíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Útför föður okkar, sonar, bróður og mágs,*

**Steingríms Eyfjörð Guðmundssonar**

sem lést 2. nóvember, fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 13. nóvember kl. 15.00.

**Sigurður Árni Steingrímsson**
**Sindri Már Steingrímsson**
**Guðmundur Pétursson**
**Bergljót Björg Guðmundsdóttir**
**Sveinn Haraldsson**

---



*Ástkær kona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Halla Þórey Skúladóttir**
lést mánudaginn 2. nóvember.

Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 10. nóvember kl. 15.00. Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði.

**Jón V. Guðjónsson**
**Jörundur Jóhannesson**
**Sveinfríður Jóhannesdóttir**
**Hákon Jóhannesson**
**Helga Jóhannesdóttir** **Gunnlaugur B. Ólafsson**
**og barnabörn.**

---

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Millý Birna Haraldsdóttir**
Ofanleiti 29, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 5. nóvember.

**Líney Ólafsdóttir** **Karl Tómasson**
**Ólafur Karlsson** **Erla Hrund Halldórsdóttir**
**Birna Karlsdóttir**

# Krúttípúttípútt

**BAKÞANKAR Páls Baldvins Baldvinssonar**



Þær slógu hring um eina kynsystur sína sem var með afkvæmi sitt á handleggnum, krakka sem átti samkvæmt stærð að geta staðið á eigin fótum, en horfði nú í forundran á hópinn í kringum sig. Móðirin var státin yfir fríðu barninu og lokkaprúðu en þaðan sem ég stóð og virti fyrir mér útstillingu í verslunarglugga mátti heyra hljóðin.

**ÞÆR** breyttu allar um rödd, skældu bjartar og dimmar raddir til í einhverja blöndu af falsettu og skringilegheitum um leið og þær ráku fram totaðan munninn – og um stútaðar varirnar streymdu orðarunur – gússimússitútt – skomínakrúttitúttibollu og aðrar álíka rímrollur með hávellustunum og játningu í andköfum: hún er svo mikið rassgat. Og svo var talað hástemmt um fríðleik stúlkubarnsins í þriðju persónu meðan hún horfði á þær stjörf og fangin í faðmi móðurinnar.

**ÉG ÞEKKTI** svo sem til dæma um foreldra sem höguðu sér þannig gagnvart börnum sínum, afmynduðust í fasi og rödd þegar þeir ávörpuðu afkvæmi sín – jafnvel þótt krakkagreyin væru komin undir gelgju og vildu í áheyrn annarra taka undir sig stökk og hverfa frá svo kjánalegum forráðamönnum. Mín er svo þetta eða hitt, minn er svona og svona. Barnatónninn sem fólk stillti á fól í sér uppskrúfaða væntumþykju með miklum ýkjum í bland við sérkennilega forakt fyrir vitsmunum og þroska þess sem talað var við og niður til. Engum dytti í hug að tala svoleiðis við ókunnugan, þótt ýmsir geri sig seka að tala í slíkum tilbúnum tón við bæði fatlað fólk og eldri borgara – oft í þriðju persónu.

**ÞESSI** siður er sérkennilegur: þú mælir einhvern niður og talar við hann eins og þú sért í einhverjum leik. Viðmælandi þinn sé ekki þess verður að við hann sé talað eins og vitiborinn fullveðja einstakling – jafnvel þótt hann sé á barnsaldri. Vildir þú láta tala svona við þig, til dæmis í banka eða af opinberum starfsmanni? Sem þeir gera reyndar sumir sem nota ávarpsorðin Elskan eða Vinur – bláókunnugir menn.

**OG EF** ég sneri mér við í sporunum við gluggann og ávarpaði þær á sama hátt, mæðurnar, með tilhæfu orðavali frá vexti þeirra, aldri og kyni, ræki fram kjammann með stút og léti vaða er hætt við að þeim brygði í brún, stilltust, litu svo hver á aðra og segðu stundarhátt: sá er klikkaður.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 09-2519

*Íslenska er okkar mál*

www.jonas.ms.is

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

## ÁRÍÐANDI TILKYNNING

## SAMSUNG RS 21 TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR

Samsung Electronics á Íslandi hefur opnað heimsóknar- og viðgerðarþjónustu fyrir tvöfalda kæliskápa af gerðinni RS21. Þjónustan tengist viðgerð á hugsanlegum galla sem gert hefur vart við sig í einstökum kæliskápum, framleiddum á tímabilinu mars 2005 fram í júní 2006. Framleiðslu á þessari gerð kæliskápa hefur verið hætt.



Samsung Electronics ákvað að bjóða þessa þjónustu um leið og ljóst var, að framleiðslugalli gæti hugsanlega valdið bilun í afþýðingarkerfi viðkomandi kæliskápa.

Í undantekningartilvikum geta neistar myndast innan afþýðingarkerfisins og hugsanlega valdið eldhættu og jafnvel slysahættu eða varanlegum skemmdum á kæliskápnum.

Þó að afar litlar líkur séu á því að gallinn sé til staðar, hefur Samsung ákveðið að bjóða eigendum viðkomandi kæliskápa ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónustu. Viðgerðarfólk okkar kemur í heimsókn, yfirfer kæliskápinn og gerir við hann á staðnum ef þess reynist þörf. Í öryggisskyni mun þjónustan einnig ná til þeirra tvöföldu kæliskápa sem eru með sambærilegt afþýðingarkerfi. Þær gerðir sem um ræðir eru taldar upp hér að neðan.

Ef þú ert eigandi að tvöföldum Samsung kæliskáp, hringdu í síma **530 2800** eða **461 5000** og fáðu nánari upplýsingar um kæliskápinn þinn. Þú getur einnig sent okkur fyrirspurn í tölvupósti á netföngin **oskarh@ormson.is** eða **bjarni@radionaust.is**. Ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónusta Samsung hefst 2. nóvember n.k.

Vörugæði, neytendavernd og ánægja viðskiptavina eru forgangsmál hjá Samsung. Við kunnum viðskiptavinum okkar bestu þakkir og biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta mál kann að valda.

**Eftirfarandi gerðir falla undir ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónustuna okkar: RS21, RS23, RS55, RS56, RS60, RSH1, RSH3, RSE8, RSJ1, SN62, SN67**

SAMSUNG



**TÓNLIST** Skólahljómsveit Kópavogs á sér langan feril og merka sögu.
MYND/SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS

# Poppað í Garðabæ

Skólahljómsveit Kópavogs heldur sína árlegu hausttónleika á morgun kl. 20 í sal Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Fram koma um 130 ungir hljóðfæraleikarar sem skipt er í þrjár hljómsveitir eftir aldri og getu, enda er Skólahljómsveit Kópavogs ein fjölmennasta ungmennahljómsveit landsins.

Þema tónleikanna verður popp- og danstónlist, en það er sjálfsagt ekki á hverjum degi sem íslenskar blásarasveitir taka heila tónleika undir poppmúsík. Lögin sem flutt verða koma úr ýmsum áttum, bæði innlend og erlend, nýleg og gömul. Michael Jackson verður að sjálfsögðu heiðraður með nokkrum af hans þekktustu smellum, lög úr smiðju Coldplay og Earth, Wind & Fire verða í stóru hlutverki og íslensk lög á borð við Þú komst við hjartað í mér, Jungle Drum og Eurovision-lagið Is It True? munu hljóma í flutningi unga fólksins. Margar útsetninganna eru nýjar af nálinni og sumar þeirra hafa aldrei verið fluttar áður á tónleikum.

Hefð er fyrir því hjá Skólahljómsveit Kópavogs að vinna út frá ákveðnu þema að hausti og halda uppskerutónleika með efninu í byrjun nóvember. Þá koma sveitirnar þrjár fram og sýna hverju þær hafa unnið að fyrri part vetrar. Tvær eldri sveitirnar hafa farið í æfingabúðir yfir helgi til að ná sem bestum tökum á poppinu og verður spennandi að sjá afraksturinn á tónleikunum.

Þótt Skólahljómsveit Kópavogs sé orðin rúmlega fjörutíu ára gömul sýnir hún engin ellimerki og tekur popp- og danslögin sterkum tökum. Endurnýjun hljómsveitanna er líka jöfn og góð og á hverju ári sækir stór hópur barna um að komast að hjá hljómsveitinni, en hljóðfæraleikarar eru á aldrinum níu til sautján ára.

Aðgangur að tónleikunum er öllum opinn og miðaverði vel í hóf stillt. Stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs er Össur Geirsson. **- pbb**

Hvað gerir Evrópusambandið til að vinna bug á atvinnuleysi?

How We Fight Unemployment in the European Union



**Hádegisfundur í fundarsal Þjóðminjasafnsins, miðvikudaginn 11. nóvember frá kl. 12.00 til 13.00**

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg boða til fundar með ***Vladimír Špidla***, framkvæmdastjóra Evrópusambandsins í atvinnu-, félags- og jafnréttismálum.

Špidla mun fjalla um aðgerðir Evrópusambandsins í atvinnumálum og hvaða úrræði sambandið beitir í baráttunni gegn atvinnuleysi.

Fundarstjóri: Steinunn Halldórsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu ráðherra félags- og tryggingamála.

The Institute of International Affairs and the EC Delegation to Iceland and Norway are hosting a lunch meeting with Vladimír Špidla, the EU Commissioner for Employment, Social Affairs and Equal Opportunities, on Wednesday 11 November from 12-13. The meeting will take place at the Icelandic National Museum´s lecture hall. Špidla will discuss the EU´s policies on employment and how the EU is fighting unemployment. Steinunn Halldórsdóttir, Project Manager at the Office of the Minister of Social Affairs and Social Security, will chair the meeting.

Fundurinn fer fram á ensku og er öllum opinn.
Boðið verður upp á léttar veitingar.

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

FASTANEFND FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB FYRIR ÍSLAND OG NOREG

ÚTSALA

40% afsláttur

Af umgjörðum og glerjum

*Verslunin hættir*

OPTIK LÆKJARTORGI

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 KR.
★★★★ V.J.V - Fréttablaðið
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
PARANORMAL ACTIVITY

Desember

JÓHANNES
30.500 MANNS
★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
★★★★¾ - Atli Steinn, Bylgjan

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR

500 KR. COUPLES RETREAT
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 ÍSLENSKT TAL 500 KR.

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR






Frábær mynd um uppvaxtarár eins ástsælasta körfuboltamann samtímans, Lebron James.

matt damon is The Informant!
COUPLES RETREAT
TOY STORY

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 5:50 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6:15D | L |
| FAME | kl. 3:50 - 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!

★★★★ - H.S., MBL
★★★½ - T.V., Kvikmyndir.is

★★★½ - E.E., DV
★★★ - Dr. Gunni, FBL
Desember

ÓTRÚLEGUR SPENNUTRYLLIR SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ... EF ÞÚ ÞORIR!
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★ -Þ.Þ., DV
600 kr.
BÚÐU ÞIG UNDIR MARTRÖÐ SEM ÞÚ GLEYMIR SEINT.
SLÁANDI, ÓGNVEKJANDI OG SVO MÖGNUÐ AÐ ÞÚ SITUR EFTIR Í LOSTI!
PARANORMAL ACTIVITY

MICHAEL JACKSON'S THIS IS IT
600 kr.
SÝND ÚT NÓVEMBER SÖKUM VINSÆLDA
UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR. ÁÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI SEM HEIMURINN HEFUR BEÐIÐ EFTIR.
★★★ -E.E., DV

ZOMBIELAND
600 kr.
★★★★ V.J.V. - Fréttablaðið
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★ S.V. - MBL
★★★★ Þ.Þ. - DV
★★★ D.Ó.J. - kvikmyndir.com

JÓHANNES
★★★★ - S.V. - MBL
★★★★★ - A.K. - ÚTVARP SAGA
★★★★★ - A.S.G. - BYLGJAN

★★★½ -S.V., MBL
★★★★ - Þ.Þ, DV
★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★ MMJ - kvikmyndir.com
600 kr.
25.000 MANNS!
SÝNINGUM FER FÆKKANDI

„Stórskemmtileg!" – Hollywood Reporter
600 kr.

WANTED AND DESIRED
600 kr.

FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2
600 kr.

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| JÓHANNES | kl. 5.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |


# Tónlist Barða í stórmyndum

„Þetta er nú bara hlutur sem gerist án þess að ég sé eitthvað með puttana í því," segir Barði Jóhannsson, kenndur við Bang Gang, en lög eftir hann hafa verið að heyrast í alþjóðlegum stórmyndum eða í kynningum á þeim. Í stiklu fyrir kvikmyndina Triage með Colin Farrell og Christopher Lee má heyra Bang Gang-lagið „Inside", og fyrr á árinu var Bang Gang-lagið „Lost in Wonderland" notað í auglýsingar stöðvarinnar Sky Movies.

„Í sumar var svo lagið „Bright Lights" notað í myndinni La fille du rer með Catherine Deneuve. „Þetta lag var samið og sungið af mér og Craig Walker og pródúserað af mér," segir Barði. Lagið er á plötunni Siamese, sem kom út í lok sumars. Þó að platan sé stíluð á Craig Walker, er hún í raun samstarfsverkefni Craigs og Barða, þeir syngja og semja saman öll lögin. Craig er númer í Frakklandi. Var áður í ensku hljómsveitinni Archive, sem hefur selt þrjár milljónir platna í Frakklandi. „Svo er bara spurning hvenær eitthvað af nýju Lady & Bird-plötunni detti einhvers staðar inn," gantast Barði.

Fyrir utan að vera tónlistarmaður reynir Barði nú fyrir sér sem útgefandi með Kölska, undirmerki Senu. Kölski gefur út plötur með hljómsveitunum Ourlives og Diktu á allra næstu dögum, Ourlives á föstudaginn og Diktu á mánudaginn. - drg



**MEÐ PUTTANA VÍÐA** Barði á lög í myndum sem Colin Farrell og Catherine Deneuve leika í.

# Með einkabryggju í Stafangri

**Rokkarinn Bjarni úr Mínus og Hrefna Björk, útgáfustjóri Mónitors, eru meðal þeirra Íslendinga sem ákváðu að freista gæfunnar í Noregi í kjölfar efnahagshrunsins. Þau kunna vel við sig á nýjum stað.**



**ÁNÆGÐ Í NOREGI** Hrefna Björk, Bjarni og dóttir þeirra eru sátt við lífið og tilveruna í Stafangri.

„Okkur líður rosalega vel hérna. Norðmenn eru svo hjálpsamir og liðlegir, og boðnir og búnir til að aðstoða mann við allt. Dóttir okkar er komin á fínan leikskóla og Bjarni vinnur að tónlistinni. Hér eru líka margir Íslendingar þannig að maður hefur félagsskap samlanda sinna hér líka," segir Hrefna Björk Sverrisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Media sem gefur út Mónitor.

Hrefna flutti í haust til Stafangurs ásamt sambýlismanni sínum, Bjarna Sigurðarsyni í Mínus, og þriggja ára dóttur. Hrefna Björk rekur tískuverslunina Air í miðbæ Stafangurs og segist vera farin að geta bjargað sér á norskunni. „Þar sem ég vinn í búð byrjaði ég strax að reyna að klóra mig fram úr norskunni. Tungumálið er reyndar rosalega líkt íslensku þannig að þetta er lítið mál og ef ég er í vafa þá prófa ég bara íslenskuna og í flestum tilvikum skilur fólk hvað ég á við."

Hrefna segir Stafangur þekktan fyrir að vera skemmtanabærinn í Noregi, en segist sjálf lítið hafa kíkt á næturlífið síðan þau fluttu í bæinn. Fjölskyldan leigir hús við ströndina og því fylgir lítil einkabryggja sem þau hafa afnot af. „Þetta er svaka fínt, maður getur farið út á sjó og veitt sér humar eða fisk til matar," segir Hrefna.

Upphaflega ætlaði fjölskyldan aðeins að dvelja í Noregi fram að jólum en þau hafa ákveðið að framlengja dvöl sína um óákveðinn tíma. „Okkur finnst svo gott að vera hér. Hér er auðvelt að finna vinnu, launin eru góð, Norðmennirnir almennilegir og í augnablikinu erum við ósköp fegin að vera laus við kreppuna. Við ætlum okkur þó ekki að vera hér til frambúðar, við komum aftur heim og þar viljum við búa."

sara@frettabladid.is


Morgunverðarfundur
Lýðheilsustöðvar – slysavarnaráðs og áfengis- og vímuvarnaráðs
11. nóvember 2009 á Grand Hóteli
Áfengi - slys - ofbeldi

DAGSKRÁ

Fundarstjóri: Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ

Kl. 8.00-8.20 Skráning og greiðsla þátttökugjalds
Kl. 8.20-8.25 Setning morgunverðarfundar
Sigurður Guðmundsson
Kl. 8.25-8.40 Næturgöltur, áfengi og óhöpp um helgar í Reykjavík
Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustu- og kynningarsvið Tryggingastofnun ríkisins
Kl. 8.40-8.55 Vinnuslys tengd áfengi
Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirliti ríkisins
Kl. 8.55-9.10 Tengsl kynferðisbrota og áfengisneyslu
Eyrún Jónsdóttir, verkefnisstjóri Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, slysa- og bráðadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss
Kl. 9.10-9.25 Hlutdeild áfengis- og vímuefna í banaslysum í umferðinni
Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa
Kl. 9.25 Umræður
Kl. 10.00 Fundarslit

Hugtök Nóv 09

Fundurinn er öllum opinn.

Skrá þarf þátttöku fyrir kl. 16.00, 10. nóvember á: www.lydheilsustod.is/skraning
Þátttökugjald er 2.000 kr og greiðist við upphaf fundarins
Innifalið í þátttökugjaldi er morgunverðarhlaðborð

## > Ísland mætir Íran í Teheran í dag

Karlalandslið Íslands í fótbolta er þessa stundina í Teheran í Íran þar sem í dag fer fram vináttuleikur við landslið Íran á Azadi-leikvanginum. Íslensku strákarnir æfðu á keppnisvellinum í gær en völlurinn er gríðarlegt mannvirki og tekur um 90.000 manns í sæti. Búist er við því að um 30.000 manns mæti á leikinn, sem hefst kl. 14.30 að íslenskum tíma og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Útsending hefst kl. 14.20.



# sport

sport@frettabladid.is

**LANDSLIÐSMARKVÖRÐURINN ÞÓRA B. HELGADÓTTIR:** VALIN KNATTSPYRNUKONA ÁRSINS Í NOREGI

# *Hélt líklega lélegustu þakkarræðu áratugarins*

Sunnudagskvöldið á eflaust eftir að líða Þóru B. Helgadóttur, landsliðsmarkverði Íslands í knattspyrnu og leikmanni Kolbotn, seint úr minni. Hún var þá valin besti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar og knattspyrnukona ársins í Noregi.

„Þetta er alveg ótrúlegt í raun og veru. Ég átti alls ekki von á þessu. Kannski að vera valin best í deildinni en alls ekki að vera knattspyrnukona Noregs. Það eru frábærar fótboltastelpur hérna og þær eru með flott landslið sem stóð sig vel á EM. Svo vinna heimastelpurnar oftast,“ sagði Þóra við Fréttablaðið í gær.

Útnefningin kom svo flatt upp á landsliðsmarkvörðinn að hún vissi ekki alveg hvað hún átti að segja þegar hún tók við verðlaununum.

„Ég hélt líklega lélegustu þakkarræðu áratugarins. Þegar ég var komin upp á svið þá var ég svo stressuð að ég kunni allt í einu ekki norsku lengur. Ég skipti því bara yfir í ensku og það kom allt öfugt út úr mér. Þetta var samt enginn stórskandall,“ segir Þóra og hló við.

„Ég tók mig svo saman í andlitinu fyrir sjónvarpsviðtal. Þá talaði ég norsku en spyrillinn skipti sjálfur fljótlega yfir í ensku. Hann hefur greinilega ekki verið ánægður með norskuna mína.“



Þóra hefur ákveðið að yfirgefa Noreg eftir farsælt ár þar í landi. Hún er búin að skrifa undir þriggja ára samning við sænska stórliðið Ldb Malmö sem systir hennar, Ásthildur, lék áður með en þar er fyrir landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir.

„Sænska deildin er meira spennandi. Norska deildin er ekki slakari að ég tel en öll umgjörð og annað er betra í Svíþjóð. Það eru líka alveg frábærar aðstæður í Malmö og þetta er einn flottasti klúbburinn í Evrópu,“ segir Þóra, sem verður í fullri atvinnumennsku hjá félaginu.

Hún ætlar samt að fá sér eitthvað að gera enda finnst henni fullrólegt að æfa bara. „Við stelpur erum vanar því að hafa eitthvað að gera. Þetta letilíf á ekki við mig. Ég er því að spá í að fara í skóla með boltanum. Ég skil ekki hvernig strákarnir geta lifað svona ár eftir ár.“

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Liverpool-Birmingham | 2-2 |

1-0 David Ngog (13.), 1-1 Christian Benitez (26.), 1-2 Cameron Jerome (45.+2), 2-2 Steven Gerrard (71.).

### *Enska b-deildin*

| | |
|---|---|
| Barnsley-Sheffield United | 2-2 |

Emil Hallfreðsson sat á varamannabekk Barnsley.

### *Subway-bikar karla*

| | |
|---|---|
| IG-Grindavík | 77-147 (35-64) |

**Stigahæstir hjá Grindavík:** Þorleifur Ólafsson 30, Ólafur Ólafsson 27, Guðlaugur Eyjólfsson 24.

| | |
|---|---|
| Álftanes-Snæfell | 49-122 (22-59) |

Grindavík fær nýjan Kana:

## Flake snýr aftur

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar hafa styrkt sig fyrir átökin í Iceland Express-deild karla í körfubolta en Darrel Flake er genginn í raðir félagsins. Flake er vanur því að spila á Íslandi og Magnús Andri Hjaltason, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, segir það hafa haft mikið að segja.

„Þú leitar náttúrlega fyrst að manni sem hefur reynsluna af því að spila á Klakanum og hefur skilað fínum tölum.“ **- óþ**


HAFBERG
fiskbúð sælkerans
HÁDEGISVERÐARTILBOÐ Í VEITINGASAL
súpa, fiskur og kaffi aðeins 990,-
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


# Stoltur yfir tilnefningunni

**Landsliðsmaðurinn Ragnar Sigurðsson var ekki valinn varnarmaður ársins í Svíþjóð en verðlaunaafhending fór fram í gær. Ragnar getur hins vegar verið stoltur yfir því að vera einn aðeins fjögurra leikmanna sem tilnefndir voru.**

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson stóð sig enn og aftur frábærlega með Gautaborg á nýafstöðnu keppnistímabili í Svíþjóð og hlaut ótal viðurkenningar í sænskum fjölmiðlum fyrir vikið. Ragnar var til að mynda valinn í lið ársins hjá Expressen og var alls níu sinnum í liði vikunnar hjá Dagens Nyheter. Ragnar var enn fremur tilnefndur sem varnarmaður ársins í Svíþjóð en allir varnarmenn í sænsku deildinni auk sænskra varnarmanna sem spila utan Svíþjóðar voru gjaldgengir í valinu. Ragnar varð að lúta lægra haldi fyrir Olof Mellberg hjá Olympiakos en sama varð uppi á teningnum árið 2007 þegar Mellberg lék með Aston Villa.

„Ég er bara stoltur yfir tilnefningunni og það er engin skömm yfir því að tapa fyrir manni á borð við Mellberg í svona kosningu. Ég er meira svekktur með að vera ekki tilnefndur fyrir mark ársins,“ segir Ragnar en hann skoraði glæsimark fyrir aftan miðju í stórsigri Gautaborgar gegn Djurgården snemma tímabils.

Íslendingaliðið Gautaborg með Hjálmar Jónsson og Theodór Elmar Bjarnason auk Ragnars innanborðs varð sem kunnugt er að sætta sig við silfrið bæði í deild og bikar á síðasta tímabili. Gautaborg tapaði 1-2 í sannkölluðum úrslitaleik í lokaumferðinni gegn AIK í deildinni og tapaði svo 0-2, einnig gegn AIK, um síðustu helgi í úrslitaleik sænska bikarsins.

„Fyrir mér var miklu meira svekkjandi að tapa deildartitlinum í lokaumferðinni en að tapa bikarúrslitaleiknum. Deildin er það sem skiptir mestu máli og það var sérstaklega leiðinlegt að tapa gegn AIK á heimavelli okkar, því stuðningsmenn okkar áttu betra skilið eftir að hafa verið frábærir á tímabilinu. Það eru allir að tala um að við höfum átt gott tímabil þar sem við seldum góða leikmenn fyrir það og lentum í miklum meiðslavandræðum en ég lít ekki á það sem svo. Við áttum möguleika á að vinna deild og bikar og vorum með nægilega gott byrjunarlið í þessum leikjum en náðum ekki að fara alla leið. Það er ekkert hægt að afsaka sig með því að við höfum samt átt gott tímabil. Annað hvort vinnurðu eða ekki. Það er ekkert sem heitir annað sæti í þessu,“ segir Ragnar.

Ragnar hefur verið orðaður við fjöldann allan af félögum á þeim þremur tímabilum sem hann hefur leikið með Gautaborg en kveðst hættur að spá í orðróm og sögusagnir og einbeitir sér bara að því að standa sig inni á vellinum.

„Það er örugglega búið að orða mig við ein fimmtíu félög á þessum þremur árum með Gautaborg og það hefur ekkert gerst ennþá í þessu. Ég pæli satt best að segja ekkert í þessu lengur. Til að byrja með var ég mjög æstur yfir þessu en síðan varð maður bara vonsvikinn þegar ekkert gerðist. Þetta gerist bara ef þetta gerist og ég get ekki neytt félög til þess að kaupa mig,“ segir Ragnar á léttum nótum en varnarmaðurinn er samningsbundinn Gautaborg til ársins 2012.

**omar@frettabladid.is**



**RAGNAR SIGURÐSSON** Var tilnefndur sem varnarmaður ársins en hann var einnig tilnefndur til sömu verðlauna árið 2007. Ragnar varð í bæði skiptin að horfa á eftir verðlaununum í hendur sænska landsliðsmanninum Olof Mellberg. IPA IMAGES/TOMMY HOLL


Það þarf ekki að kosta mikið að mála
MÚRBÚÐARVERÐ
DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar 4.590 kr.
Deka Meistaragrunnur Hvítur. 1 líter 1.295 kr.
Deka Meistaralakk 40 Akrýllakk. 1 líter 1.495 kr.
Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar 5.795 kr.
Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar 4.990 kr.
Bakki og rúlla 995 kr.
Dalapro Medium spartl 10 lítrar 3.995 kr.
Yfirbreiðsla 20 fermetrar 295 kr.
Ofnapensill 325 kr.
Pensill 350 kr.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
Reykjavík Kletthåls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Liverpool varð að sætta sig við 2-2 jafntefli gegn Birmingham á Anfield í gær:

# Ófarir Liverpool halda áfram

**FÓTBOLTI** Liverpool náði aðeins 2-2 jafntefli gegn nýliðum Birmingham í ensku úrvalsdeildinni í gær og er liðið nú ellefu stigum á eftir toppliði Chelsea.

Liverpool fékk draumabyrjun á Anfield Road-leikvanginum þar sem David Ngog skoraði fyrsta mark leiksins fyrir heimamenn á 13. mínútu. Gestirnir létu markið hins vegar ekki slá sig út af laginu og framherjarnir Christian Benitez og Cameron Jerome komu Birmingham yfir 1-2 áður en hálfleiksflautan gall.

Liverpool sótti stíft í seinni hálfleik og Steven Gerrard, sem kom inn á sem varamaður í lok fyrri hálfleiks, komst nálægt því að jafna þegar hann átti skalla í stöng. Sóknarþunginn bar hins vegar loks árangur þegar um tuttugu mínútur lifðu leiks. Ngog náði þá að leika á varnarmenn og féll í teignum eftir návígi við Lee Carsley og vítaspyrna var dæmd en gestirnir urðu æfir yfir dómnum enda átti sér engin snerting stað. Gerrard fór á punktinn og skoraði af öryggi og jafnaði leikinn 2-2.

Liverpool sótti án afláts á lokamínútunum en náði ekki að koma boltanum í netið og niðurstaðan varð 2-2 jafntefli.

Liverpool hefur aðeins unnið einn leik af síðustu níu leikjum sínum í deild, deildarbikar og Meistaradeild en það var gegn Englandsmeisturum Manchester United í deildinni. **- óþ**



**BENITEZ** Christian Benitez hjá Birmingham gerði „nafna“ sínum Rafa Benitez hjá Liverpool engan greiða í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



# Frá Reykjavík til Akureyrar á þremur millisekúndum

Míla vinnur stöðugt að því að auka hámarkshraðann á upplýsingahraðbrautinni um allt land. Sjónvarpsfréttirnar, breytingar á bensínverði í bensíndælur landsins og „Halló, amma mín!" – allt berst þetta með leifturhraða um fjarskiptanet Mílu hvert á land sem er.

míla
*Lífæð samskipta*

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM36582

## > Edie Falco

„Eftir að framleiðslu á Sopranos-þáttunum var hætt héldu menn að fólk væri orðið hundleitt á því að horfa á okkur leikarana og um tíma óttaðist ég að mínum ferli væri lokið.“

***Falco, sem áður lék Carmelu Soprano, fer nú með aðalhlutverkið í þættinum Nurse Jackie sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 22.05.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SÉR RÚSSLAND Í ÖÐRU LJÓSI

# Stórbrotin náttúra og einstakt dýralíf Rússlands

Ég datt inn í náttúrulífsþáttinn Wild Russia, eða Villta Rússland, fyrir nokkru og þótti hann bæði fræðandi og skemmtilegur. Þættirnir eru sex talsins og í hverjum þætti er rýnt í náttúrulíf einstaks landsvæðis Rússlands.

Rússland er í tveimur heimsálfum og spannar ellefu tímabelti. Í þáttunum fer áhorfandinn í ferðalag og um himinhá fjöll, djúpa dali og eyðimerkur og fræðist um dýralífið sem þar þrífst.

Í fyrsta þætti er farið um Síberíu, sem í hugum margra er kalt og óbyggt svæði. Þar er þó að finna litskrúðugt dýralíf og má þar nefna dádýr, kameldýr og salamöndrur sem búa við fjörutíu stiga frost án þess að verða meint af. Í öðrum þætti fáum við að fræðast um lífríkið í Úralfjöllunum þar sem himinháir fjallstindar gnæfa yfir djúpa dali, sem eru meðal annars heimili elgja og úlfa sem ferðast um langan veg í leit að fæðu.



Sú mynd af Rússlandi sem ég hafði gert mér í hugarlund var mótuð út frá bókmenntum og vestrænum kvikmyndum. Eitt sinn voldugt keisaraíki en ekki fátækt land þar sem frelsi einstaklingsins þótti forréttindi en ekki mannréttindi. Ég sá fyrir mér land fullt af ungum, fátækum Liljum, sem seldu líkama sinn til að eiga fyrir mat og leigu. Ég sá fyrir mér land fullt af Alexejum með stóra hramma sem drukku vodka kvölds og morgna. Í Wild Russia fékk áhorfandinn að kynnast náttúru landsins og dýraríki þess. Sú mynd var heldur stórbrotnari en hin brotna mynd af Lilju og Alexej.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **20.00** An Unfinished Life
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Læknamiðstöðin
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Burn Notice
STÖÐ 2



▶ **21.50** It's Always Sunny In Philadelphia
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.35** United States of Tara
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Útsvar** (Dalvík - Garðabær) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Frumskógar Goggi** (6:26)
**17.52 Kóngulóarbörnin í Sólarlaut**
**18.15 Skellibær** (8:26)
**18.25 Fréttaaukinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.55 Sykursýki - Sjúkdómur 21. aldar?** Ný íslensk fræðslumynd þar sem læknar og hjúkrunarfólk útskýra hvernig sykursýki er greind og meðhöndluð og viðtöl tekin við sjúklinga og aðstandendur sem segja frá glímu sinni við sjúkdóminn.
**21.25 Bóndasonur í Brüssel** (Fra bondeson til NATO-chef) Þáttur um Anders Fogh Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur sem nú er framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (Spooks VII) (5:8) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn.
**23.20 Dauðir rísa** (5:12) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Batman & Robin**
**10.00 Annie**
**12.05 Norbit**
**14.00 Batman & Robin**
**16.00 Annie**
**18.05 Norbit**
▶**20.00 An Unfinished Life** Dramatísk mynd með Jennifer Lopez og Robert Redford í aðalhlutverkum.
**22.00 Flags of Our Fathers**
**00.10 So I Married an Axe Murderer**
**02.00 Lie With Me**
**04.00 Flags of Our Fathers**
**06.10 Into the Blue**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 1** Áfram Diego, áfram!, Maularinn og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 In Treatment** (19:43)
**10.55 Hell's Kitchen**
**11.45 Smallville** (3:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Martha Behind Bars**
**14.40 The Big Bang Theory** (16:17)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Áfram Diego, áfram! og Maularinn.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (11:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (17:23) Marge er í ævintýraleit og kaupir sér nýja dyrabjöllu.
**19.45 Two and a Half Men** (17:24) Gamanmyndaflokkur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**20.10 Two and a Half Men** (13:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (9:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir og vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.
**20.55 Chuck** (10:22)
▶**21.40 Burn Notice** (10:16) Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og afhverju.
**22.25 The Unit** (2:11)
**23.10 Ástríður** (12:12)
**23.35 National Lampoon's Dorm Daze**
**01.10 Martha Behind Bars**
**02.35 Feteless**
**04.50 Two and a Half Men** (13:24)
**05.15 The Big Bang Theory** (9:23)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**14.20 Íran - Ísland** Bein útsending frá vináttulandsleik Íran og Íslands sem fram fer í Teheran.
**16.20 Atl. Madrid - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**18.05 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**19.05 Bestu leikirnir: KR - ÍBV 29.08.99** Árið 1999 hélt KR upp á aldarafmæli félagsins og líkt og oft áður voru gerðar miklar væntingar til liðsins. KR barðist um titilinn við ÍBV en liðin mættust í 15. umferð á KR-vellinum hinn 29. ágúst. KR hafði þá tveggja stiga forystu á Eyjamenn.
**19.35 Ævintýrið til Estoril** Sýnt frá einu stærsta pókermóti í Evrópu en þangað hélt hópur Íslendinga fyrr á árinu.
**20.00 Íran - Ísland** Útsending frá vináttulandsleik sem fram fór í Teheran.
**21.40 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardaga Pacquiao og Cotto og fylgst með undirbúningi þeirra.
**22.10 Race of Champions** Útsending frá Race of Champions en þar mættu til leiks allir bestu ökuþórar heims úr hinum ýmsu akstursíþróttum.
**00.10 World Series of Poker 2009**

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Liverpool - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.10 Blackburn - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 West Ham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 Hull - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Chelsea - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**23.15 Man. City - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Lífsaugað** (8:10) (e)
**08.00 Dynasty** (2:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Lífsaugað** (8:10) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 LEX Games 2009** (1:2) (e)
**17.30 Dynasty** (3:29)
**18.20 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
**19.05 King of Queens** (19:25) (e)
**19.30 Rules of Engagement** (8:15) (e)
**19.55 According to Jim** (12:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.
**20.25 Innlit/Útlit** (3:10) Ný, styttri og hraðari útgáfa af einum vinsælasta þætti SkjásEins frá upphafi. Nýr umsjónarmaður þáttarins er Katrín B. Fjeldsted innanhússarkitekt.
**20.55 Nýtt útlit** (6:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 Nurse Jackie** (4:12) Ný þáttaröð um hjúkrunarkonuna Jackie. Hún og Kevin íhuga að senda dóttur sína í einkaskóla og dr. O'Hara eignast aðdáanda, dreng sem vill þakka henni fyrir að bjarga lífi tvíburabróður hans.
▶**22.35 United States of Tara** (4:12) Tara er í góðum gír og nýtur þess að gera veggmynd fyrir Tiffany, nýja vinkonu sína. En Tiffany gerist of nærgöngul og það endar ekki vel.
**23.10 The Jay Leno Show**
**00.00 CSI: New York** (9:25) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Fjallað verður um ný Laugavegssamtök í þættinum í dag.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrkju.
**21.30 Tryggvi Þór á alþingi** Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn ræðir um stjórnmál á Íslandi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




ERT ÞÚ BÚIN(N) AÐ TRYGGJA ÞÉR ÁSKRIFT?
aðeins 2.200 kr. á mánuði.

# 5 DAGAR Í ÁSKRIFT

VERTU MEÐ OKKUR Í VETUR!
Til þess að fá áskrift að SkjáEinum þarftu að hafa myndlykil frá Símanum eða Vodafone. Athugið að með áskrift fellur myndlyklagjaldið niður.

PANTAÐU ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM
- í síma **800 7000** eða **1414**
- í **verslunum Símans** eða **Vodafone**
- á vefsíðunni **www.skjarinn.is**
- í **SkjáBíó**



**Þriðjudagur 10. nóvember**
Kl. 19.55 According to Jim
Kl. 20.25 Innlit útlit
Kl. 20.55 Nýtt Útlit
Kl. 22.05 Nurse Jackie
Kl. 22.35 United States of Tara
Kl. 23.10 Jay Leno

SKJÁREINN
Næstum því ókeypis

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Chuck

Chuck Bartowski er mættur í annað sinn hér í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Græðlingur

### INN kl. 21.00

Garðyrkjufræðingurinn Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um heim ræktunar í þætti sínum Græðlingur sem er á dagskrá hjá INN. Í þættinum í kvöld mun hún sýna hvernig hægt er að rækta mismunandi tegundir haustlauka í kerum og pottum yfir veturinn og fá þannig fram glæsilega blómgun á svalirnar eða veröndina snemma næsta vor.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngvarar blárrar sveiflu
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Breiðstræti
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.05** Sumar raddir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (10:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (11:25)
**17.30 Ally McBeal** (5:23) Ally hefur miklar áhyggjur af því að hún kunni ekki lengur að kyssa og Cage kemst á séns.
**18.15 Seinfeld** (19:24)
**18.45 Doctors** (10:25)
**19.15 Doctors** (11:25)
**19.45 Ally McBeal** (5:23)
**20.30 Seinfeld** (19:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**21.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (4:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru allt of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi upp á hvern einasta dag.
**22.15 Glee** (2:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**23.00 So You Think You Can Dance** (9:25) Þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**23.45 Big Love** (9:10)
**00.40 Fangavaktin** (7:8)
**01.10 Sjáðu**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Gavin And Stacey **12.45** Absolutely Fabulous **13.20** After You've Gone **13.50** My Hero **14.20** Gavin And Stacey **15.00** The Weakest Link **15.45** After You've Gone **16.15** After You've Gone **16.45** My Hero **17.15** Lab Rats **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** My Family **19.30** Extras **20.00** New Tricks **21.00** Ashes to Ashes **21.50** My Family **22.20** Extras **22.50** This Is Dom Joly **23.25** New Tricks

## DR 1

**12.10** Aftenshowet med Vejret **12.40** Forsvundne danskere **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** By på Skrump **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **23.30** Backstage

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Doktor Åsa **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Frosken og venene **17.05** Molly Monster **17.15** Øisteins blyant **17.20** Tegneby **17.25** Milly og Molly **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Den leiken den ville han sjå **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Amish - ut av paradiset? **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** De siste dagene **23.45** Tyskland etter murens fall

## SVT 1

**12.45** I regnskuggans land **13.35** Fattiga riddare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Evas vågstycke **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sommarpratarna **20.00** Andra Avenyn **20.45** Good Bye, Lenin! **22.45** Kulturnyheterna **23.00** Morden



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hef verið að hlusta á uppáhaldslög með Johnny Cash. The Man Comes Around einkum. Svo hef ég endurnýjað kynnin við eina af mínum uppáhaldsplötum í lífinu: Boat to Bolivia með Martin Stephenson and The Daintees. Snilldargóð.“*

Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur í Lindasókn.

# Grínhátíð frestað vegna dræmrar miðasölu

„Jú, þetta eru viss vonbrigði en það þýðir ekkert að gefast upp,“ segir Bjarni Haukur Þórsson. Grínhátíðinni Reykjavik Comedy Festival, sem átti að hefjast í Loftkastalanum á morgun, hefur verið frestað fram á næsta vor. Ástæðan er dræm miðasala, auk þess sem tveir erlendir uppistandarar þurftu að afboða komu sína. Annar þeirra er Björn Gustavsson sem Bjarni Haukur hefur lýst sem strákabandsútgáfu af Pétri Jóhanni. „Það var búið að kynna þetta mjög mikið, bæði í háskólum og menntaskólum og við meira að segja prufuðum að lækka miðaverðið en kannski eru krakkar ekki með neina peninga á milli handanna,“ segir Bjarni Haukur, sem er undrandi á þessum dræmu viðbrögðum. „Öllum sem maður nefndi þetta við fannst kominn tími á að vera með eitthvað svona, enda er þetta hefð í mörgum borgum. En við verðum bara að prófa þetta aftur með hækkandi sól og þá er vonandi að Íslendingar taki betur við sér.“ Bætir hann við að allir þeir sem hafi keypt miða á hátíðina fái endurgreitt.

Fjöldi íslenskra grínista átti að troða upp á hátíðinni. Þar má nefna Kaffibrúsakarlana, Radíusbræður, hópinn Mið-Ísland og Helgu Brögu. Einnig áttu óreyndir grínistar að fá tækifæri á svokölluðu „open mike“-kvöldi, auk þess sem sérstakt „X-rated“-kvöld átti að fara fram. - fb



**BJÖRN GUSTAVSSON** Björn afboðaði komu sína á Reykjavik Comedy Festival.



**BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON** Grínhátíðinni Reykjavik Comedy Festival hefur verið slegið á frest til næsta vors.



**LÁRÉTT**
**2.** fugl, **6.** hvort, **8.** sægur, **9.** kyrra, **11.** óreiða, **12.** framrás, **14.** mjóróma, **16.** snæddi, **17.** mjög, **18.** pfn., **20.** í röð, **21.** kk nafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-Ameríku, **3.** 950, **4.** skuggi, **5.** traust, **7.** pedali, **10.** ról, **13.** geislahjúpur, **15.** klúryrði, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** álft, **6.** ef, **8.** mor, **9.** róa, **11.** rú, **12.** útrás, **14.** skræk, **16.** át, **17.** all, **18.** mig, **20.** aá, **21.** uggi.
**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** lm, **4.** forsæla, **5.** trú, **7.** fótstig, **10.** ark, **13.** ára, **15.** klám, **16.** áma, **19.** gg.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ásgerður Halldórsdóttir.
2. Reykjavíkurborg hefur fimm daga til ráðstöfunar.
3. Jogvan syngur lag Bubba og Óskars.






LAY LOW: RIFTIR SAMNINGI VIÐ NETTWERK EN SNÝR VÖRN Í SÓKN

# Selur höfundarréttinn að lögum sínum fyrir milljónir

„Við urðum af nokkrum milljónum, það er ekkert flóknara en það,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður tónlistarkonunnar Lay Low. Hún hefur rift útgáfusamningi sínum við eitt stærsta umboðs- og útgáfufyrirtæki heims, Nettwerk. „Þetta hefur gert okkur smá erfitt fyrir síðustu mánuði en við erum komin yfir þann hjalla núna,“ segir Kári. „Þetta lofaði mjög góðu og þetta leit allt rosalega vel út en svo þegar á hólminn var komið var þetta okkur ekki að skapi.“ Óánægjan stafaði aðallega af því hvernig fyrirtækið vildi haga framleiðslunni á plötum Lay Low. Vildi það kosta minna til en forsvarsmenn Lay Low voru tilbúnir að sætta sig við.

Að sögn Kára tóku forsvarsmenn Nettwerk tíðindunum ekki vel í upphafi en á endanum skildu aðilar í góðu. „Þetta var þannig séð gert á vingjarnlegu nótunum en þeir voru eðlilega súrir. Við mátum stöðuna bara þannig upp á framtíðina að það væri ekki skynsamlegt fyrir okkur að festa okkur þarna.“

Nettwerk, sem er með útibú víða um heim, hefur á sínum snærum þekkta flytjendur á borð við Söruh McLachlan, Mörthu Wainwright og The Cardigans. Einn af stofnendum þess sá Lay Low spila á tónleikum í Fríkirkjunni á síðasta ári og bauð henni í kjölfarið útgáfusamning. Hljóðaði hann upp á útgáfu þriggja platna söngkonunnar og hefur fyrirtækið þegar gefið út Farewell Good Night´s Sleep í Evrópu. Útgáfa í Bandaríkjunum var síðan fyrirhuguð en ekkert varð af henni. Lay Low er því án útgáfusamnings erlendis og verður fróðlegt að fylgjast með því hvort bitist verði um hana á næstunni.

Til að snúa vörn í sókn hefur Lay Low gert höfundarréttarsamning við bandaríska fyrirtækið Songs Publishing. Upphæð samningsins nemur milljónum. Í honum felst að hluti af þeim stefgjöldum sem Lay Low fær erlendis fyrir lögin sem hún hefur samið rennur til fyrirtækisins. Einnig felst í samningnum möguleiki á höfundarrétti á lögum á tveimur næstu plötum hennar. „Þetta kemur okkur á rétt flug aftur. Við erum rosalega ánægð með þetta,“ segir Kári, en Songs Publishing hefur lengi haft augastað á Lay Low. Til að ávaxta pund sitt betur mun fyrirtækið reyna að koma tónlist Lay Low á framfæri í auglýsingum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndum.

Songs Publishing mun vera miðlungsstórt í tónlistarbransanum og hefur innan sinna raða hljómsveitina Little Joy, hliðarverkefni Fabrizio Moretti, trommara The Strokes, auk sveitanna Tokyo Police Club, The Album Leaf, Islands og Blackalicious. freyr@frettabladid.is



**LAY LOW** Tónlistarkonan hefur selt bandaríska fyrirtækinu Songs Publishing hluta af höfundarrétti allra laga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hjartaknúsarinn **Ingólfur Þórarinsson** flakkar nú um landið með Barna- og fjölskyldutúr sinn. Síðustu tónleikarnir eru í Mosfellsbæ í kvöld en um helgina stoppaði Ingó í Grindavík. Þar var kappinn í miklu stuði og vakti að venju mikla lukku viðstaddra. Innlifunin var meira að segja slík að í einu laginu hrasaði Ingó á barstólnum og datt aftur fyrir sig. Eins og sönnum fagmanni sæmir hélt Ingó áfram eins og ekkert hefði í skorist – jafnvel þó að gítar hans hefði laskast við tiltækið.

Skagamærin Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, ungfrú Ísland, hélt til Lundúna á föstudag til að taka þátt í Miss World-keppninni. Aðalkeppnin fer reyndar ekki fram fyrr en í desember, en þangað til ferðast hún um heiminn ásamt hinum stúlkunum og tekur þátt í starfi á vegum keppninnar. Í Lundúnum fékk Guðrún risavaxna svítu á fínu hóteli og mætti svo í beina útsendingu í The One Show á BBC-sjónvarpsstöðinni á föstudagskvöld. Í dag liggur leiðin svo til Abú Dabí þar sem tekið verður á móti stúlkunum eins og erlendum þjóðhöfðingjum.

**Hafdís Huld** byrjaði á stuttu tónleikaferðalagi í gær þegar hún spilaði á tónleikum í Manchester. Næst liggur leiðin til Sheffield, Birmingham og Lundúna. Á þessum túr hitar Hafdís upp fyrir hljómsveitina Baby Bird. Það band er þekktast fyrir lagið „You're Gorgeous“, sem var vinsælt árið 1996.



- hdm, afb, drg






# Good Heart seld til 22 landa

„Þetta er viðurkenning um að myndin sé góð,“ segir Skúli Malmqvist hjá framleiðslufyrirtækinu Zik Zak. Dreifingarréttur-inn á nýjustu kvikmynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, hefur verið seldur til 22 landa. Á meðal þeirra eru Bandaríkin, Frakkland, Þýskaland, Japan, Kanada, Argentína og öll Norðurlöndin.

Myndin var frumsýnd á Toronto-hátíðinni í Kanada 11. september og í framhaldinu hófst sala á dreifingarréttinum víða um heim. „Það hefur verið mikill samdráttur í sölu á dreifingarrétti kvikmynda síðastliðin tvö ár. Því miður eru tölurnar töluvert lægri en fyrir tveimur árum,“ segir Skúli, sem er engu að síður ánægður með þá samninga sem náðst hafa.

Um þessar mundir stendur yfir sölumarkaðurinn American Film Market, sem er sá stærsti í Bandaríkjunum og þá munu líklega fleiri þjóðir bætast við þær 22 sem þegar eru komnar um borð. Skúli vonast eftir því að ein þeirra sem bætist við verði Bretland.

Með aðalhlutverkin í The Good Heart fara Brian Cox og Paul Dano sem hafa báðir getið sér gott orð í Hollywood. Enn á eftir að taka myndina til almennra sýninga en Frakkar verða líklega fyrstir til þess í byrjun næsta árs. Frumsýning í Bandaríkjunum er síðan fyrirhuguð næsta vor. Viðræður standa nú yfir um frumsýningardag myndarinnar hér á landi. Mögulega verður hann á þessu ári en líklegast er þó að hann verði á nýju ári. - fb



**SELD VÍÐA** Paul Dano og Brian Cox fara með aðalhlutverkin í kvikmyndinni The Good Heart.

# TRX Kennaranámskeið





## TRX Suspension Training námskeið

Born in the US Navy SEALS



Fred Hoffman,
IDEA instructor of the year award

Einstakt tækifæri til að bæta við kunnáttu og auka tekjumöguleika á sviði líkams- og heilsuræktar með aðstoð Fred Hoffman, Master Trainer frá TRX. Eins dags námskeið fyrir kennara, einkaþjálfara ofl. sem gefur réttindi til einka-og hópkennslu TRX .

TRX Suspension Training gefur möguleika á yfir 300 æfingum fyrir efri og neðri hluta líkamans allt eftir þörfum og getu hvers og eins. Aukin og minni mótstaða fæst með breyttri líkamsstöðu.

Staðsetning: Heilsuakademian , Egilshöll
Tímasetning: 21. nóvember, kl. 09.00-17.00
Fjöldi: Hámark 20 nemendur
Verð: Kr. 39.900.-
Innifalið: Námskeið + námsgögn + Trainer Basics DVD
Réttindi: FAI (Level 1) Einka- og hópkennsla TRX
Annað: Sérverð til þátttakenda á TRX Supension Trainer



Þátttökutilkynning ásamt fullnaðargreiðslu berist til:
HREYSTI , Skeifunni 19 , Reykjavík fyrir þriðjud. 17. nóv.

Allar nánari upplýsingar hjá HREYSTI Sími: 577 5800
Þórhallur, Eggert, Vignir eða hreysti@hreysti.is



# LAGER HREINSUN

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM

SMÁTÆKI - FÆÐUBÓTAREFNI O.FL.

Aðeins í nokkra daga
Frábærar jólagjafir - Ótrúlegur afsláttur

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Lítill stórmarkaður með fæðuauka og æfingatæki

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Svansmerkt prentverk
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Erfingi á leiðinni




Þau gleðitíðindi berast frá Englandi að **Grétar Rafn** og **Manúela Steinsson** eigi von á fyrsta barni sínu innan tíðar. Grétar leikur sem kunnugt er knattspyrnu með úrvalsdeildarliði Bolton og Manúela hefur látið til sín taka í góðgerðamálum þar um slóðir, auk þess að skrifa pistla á Pressunni. Manúela, sem er fyrrverandi Ungfrú Ísland, á son frá fyrra sambandi en þetta verður fyrsta barn Grétars Rafns.



### Hressir hestamenn

Uppskeruhátíð hestamanna var haldin á Broadway á laugardagskvöldið síðasta. Hljómsveitin Von lék fyrir dansi og Sigga Beinteins steig á svið. Fullt var út úr dyrum og nokkuð sást af þjóðþekktum andlitum. Þar á meðal var fréttakonan og hestamaðurinn Telma Tómasson, fyrrum sjónvarpskonan **Nadía Banine** og hjónakornin Lilja Pálmadóttir og Baltasar Kormákur. Kvikmyndaleikstjórinn góðkunni þótti sýna snilldartilþrif á dansgólfinu þetta kvöld.



- **hdm**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Ísland gjörspillt samkvæmt nýrri könnun
2. Tugir minka dauðir úr lungnasjúkdómi
3. Loks búið að ákveða aðalmeðferð yfir sjóðsstjóra og miðlara
4. Meintur fíkniefnasmyglari áfram í gæsluvarðhaldi
5. Nazisti velkominn í lífvörð Danadrottningar


# Nýr iPod nano

**Nýtt:** innbyggð videoupptaka
**Nýtt:** FM- útvarp



Apple búðin | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | Opnunartími:
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

# JÓLIN KOMIN Í DORMA






Stillanleg rúm • Heilsurúm • Svefnkollar • Svefnsófar • Hægindastólar • Náttlampar



Dúnsængur • Dúnkoddar • Dúnsokkar • Sængurver • Heilsukoddar • Handklæði •



## JÓLATILBOÐ

| | |
|---|---|
| 80x200 cm | 77.900 kr. |
| 90x200 cm | 79.900 kr. |
| 100x200 cm | 84.900 kr. |
| 120x200 cm | 95.000 kr. |
| 140x200 cm | 102.500 kr. |
| 160x200 cm | 149.000 kr. |
| 180x200 cm | 159.000 kr. |

Nýtt rúm fyrir jólin!

- Interbed heilsurúm
- Bólstraður botn
- 5 svæða gormakerfi
- Vandaðar kantstyrkingar
- 5 ára ábyrgð

Innifalið í verði:
Dýna botn og lappir

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18:30
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

www.dorma.is

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is